



SKOÐUN Ögmundur Jónason skrifar um formgalla-réttarkerfi og Evu Joly. **12**



TÍMAMÓT Alþjóðlegur dagur mentorverkefnisins er á morgun. **14**



LÍFÍÐ Akureyska hljómsveitin Toymachine segir frá uppruna Airwaves. **26**



SPORT Stjarnan endurtók leikinn gegn KR og fagnaði bikarmeistaratitli. **22**



Við kynnum Philips Ambilight 9000 sjónvörpin
Engin venjuleg upplifun



PHILIPS **Heimilistæki** ht.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur
23. febrúar 2015
45. tölublað 15. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*



Bíður aðgerðar í Boston
Tvíbúrasysturnar Þórunn Björg og Sonja Ósk eru með sjaldgæfan litningagalla. Þórunni er haldið sofandi í öndunarvél. **2**

Vilja sameina styrktarsjóði
Skoðað er hvort hægt sé að sameina nokkra styrktarsjóði við Háskóla Íslands. **4**

Samningar um sýningu á lokastigi
Ekki verður byggt undir Náttúru-minjasafn á næstunni. Niðurstaða að fást í samningaviðræður um sýningu í Perlunni. **6**

Önnur leið valin með Strætó
Velferðarráð Reykjavíkur vildi bjóða akstur Ferðapjónustu fatlaðra út. Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu ákváðu að semja við Strætó um aksturinn. **8**

Tyrkneskir hermenn í Sýrlandi
Tyrkneskir hermenn fóru yfir landamærin til Sýrlands í óþökk þarlendrar stjórnvalda. Ólga á svæðinu. **10**



Bolungarvík	-4°		NA 14
Akureyri	-5°		NA 10
Egilsstaðir	-3°		NA 16
Kirkjubæjarkl.	-1°		NA 15
Reykjavík	-2°		NA 13

ÁFRAM HVASST í dag verða norðaustan 10-18 m/s en 18-25 SA-til. El N- og A-til en annars úrkomulítið. Frost 2-10 stig. **4**

2 SÉRBLÖÐ

Fasteignir | Fólk



LOFTFIMLEIKAR Í LÆGÐINNI Áslaug Friðriksdóttir borgarfulltrúi náði því á mynd þegar eiginmaður hennar, Hjálmar Edwardsson, tókst næstum á loft líkt og sorptunnan fyrir aftan hann í óveðrinu sem gekk yfir Vestmannaeyjar í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÁSLAUG FRIÐRIKSÐÓTTIR

Velta á íslenskum markaði er um 1.700 milljónir á dag

Stefnt er að skráningu Advania í Kauphöll við sex mánaða uppgjör fyrirtækisins í október. Fjölgun fyrirtækja í Kauphöllinni eykur veltu á hlutabréfamarkaði. Sautjánföldun hefur orðið á veltunni síðan árið 2010.

VIÐSKIPTI Velta á íslenskum hlutabréfamarkaði hefur sautjánfaldast frá árinu 2010 þegar hún var hvað lægst. Dagleg velta það sem af er febrúar nemur um 1.700 milljónum króna. Páll Harðarson, forstjóri Kauphallar Íslands, segir að það hafi gríðarlega mikla þýðingu að fá ný félög skráð í Kauphöllina. „Það hefur gríðarlega þýðingu að fá ný félög inn. Við sjáum að þetta gerist ekki línulega. Árið 2010 var meðalvelta á dag, þegar við náðum botninum, 100 milljónir á hlutabréfamarkaði. Svo skreidd hún í 300 milljónir 2012 og var komin í ríflega milljarð í fyrra. Það sem af er febrúar núna er hún komin í um



PÁLL HARÐARSON

1.700 milljónir.“ Eigendur Advania stefna að því að skrá félagið á markað við sex mánaða uppgjör, sem yrði í október, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Það er mun fyrr en áætlanir gerðu ráð fyrir. Þegar sænska félagið AdvInvest, sem á 58 prósent í fyrirtækinu á móti Framtakssjóði Íslands, keypti sinn hlut í haust var stefnt á skráningu eftir tvö til fimm ár. Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að sænska félagið þrýsti mjög á um að skráning verði eins fljótt og kostur er og hafi rætt við Framtakssjóð um skráningu á sex mánaða uppgjörinu. Um tvískráningu verður að ræða; í Reykjavík

Fjórtan félög skráð í Kauphöllinni

Alls eru 14 félög skráð í Kauphöll Íslands. Á meðal félaga sem vinna að skráningu á markað má nefna Eik, Reiti og Símann. Þá hafa félög eins og Fáfírn Offshore verið nefnd til sögunnar. Félög þurfa að vera af ákveðinni stærð til að flót bréfanna verði nægilegt svo hægt sé að skrá þau í Kauphöllina. Á mannamáli þýðir það að nægilegt magn þeirra verður að ganga kaupum og sölum. „Þessi félög sem hafa komið inn hafa gjörbreytt markaðnum. Augu miklu fleiri fjárfesta beinast að markaðnum, hann verður miklu áhugaverðari sem þýðir það einfaldlega að þau fyrirtæki sem koma inn geta vænst miklu betri markaðar til að vinna á, upp á fjármögnun og áhuga fjárfesta,“ segir Páll Harðarson.

og Stokkhólmi. „Eins og fram kom þegar norrænu fjárfestarnir komu að, þá er það markmið, bæði þeirra og Framtakssjóðsins, að félagið endi sem skráð félag og helst þá tvískráð, hér heima og í Kauphöllinni í Stokkhólmi,“ segir Gestur G. Gestsson,

forstjóri Advania. „Tímasetningin nákvæmlega á því hefur ekki verið sett, en við getum sagt að það hafi verið mörg góð skref stigin í þá átt í uppsetningu á rekstri félagsins sem gerir okkur kleift að fara að hugleiða það.“

- kóp

Í morgunverð er þetta helst

SPURNING DAGSINS



Gunnar, er bærarstjórinn búinn að hlera ofan í þig?

„Ég held að ég treysti mér til að svara þessari spurningu í gegnum síma.“

Gunnar Axel Axelsson er bærjarfulltrúi Samfylkingarinnar í Hafnarfirði og einn þeirra sem kvartaði til Persónuverndar eftir að bæjaryfirvöld skoðuðu símtalaskrár bærjarfulltrúa án þeirra vitundar.

Nýsköpunarverðlaun veitt námsmanni í rafmagns- og tölvuverkfræði fyrir sjálfvirk gæðamat:

Verðlaun fyrir gæðamat augnbotnamynda

SAMFÉLAGSMÁL Benedikt Atli Jónsson, nemi í rafmagns- og tölvuverkfræði við Háskóla Íslands, vann til nýsköpunarverðlauna forseta Íslands í gær.

Verðlaunin hlaut Benedikt fyrir verkefni sitt um sjálfvirk gæðamat augnbotnamynda. Augnbotnamyndir eru mikilvægar í augnlækningum til að greina og fylgjast með augnsjúkdómum. Erfitt hefur reynst að meta gæði augnbotnamynda en myndgæðin ráða oft árangri greininganna.

Sjálfvirka aðferðin metur myndgæði með mun skilvirkari hætti.

Verkefnið var unnið í samstarfi Oxymap, Háskóla Íslands og Landspítalans. Markmið verðlaunanna er að heiðra námsmenn sem unnið hafa framúrskarandi starf við úrlausn verkefna sem styrkt eru af Nýsköpunarsjóði námsmanna. Valið var úr hópi fimm verkefna Nýsköpunarsjóðs námsmanna sem valin voru öndvegisverkefni sjóðsins síðastliðið sumar.



VERÐLAUN Forseti Íslands veitti nýsköpunarverðlaun embættisins í gær



LEIÐTOGAR Mona Sahlin ásamt Helle Thorning-Schmidt, forsætisráðherra Danmerkur.

Fyrirverandi flokksleiðtogi:

Sahlin þrífur hótélherbergi

SVÍPÍÐ Mona Sahlin, fyrirverandi leiðtogi sænska jafnaðarmanna, lét af formennsku í floknum í kjölfar kosningaósigursins 2010. Síðastliðið sumar bað fyrirverandi ríkisstjórn Svíþjóðar hana um að skrifa greinargerð um öfgastefnur og ofbeldi. Það er hins vegar ekki eina starfið sem hún hefur haft með höndum eftir kosningaósigurinn.

Í viðtalið við blaðið Expressen segir Sahlin að hún hafi starfað sem herbergisþerna á hóteli sem dóttir hennar rekur. Í fyrsta sinn sem hún hafi barið að dyrum hótélherbergis hafi hún vonað að enginn væri innandyra en svo var ekki. Bæði hótélgesturinn og hún hafi svo farið að skellihlæja.

Safnað fyrir dætrum:

Styrkja dætur Elísabetar

FÓLK Stofnaður hefur verið styrktarreiðingur fyrir dætur Elísabetar Sóleyjar Stefánsdóttur, sem lést á Sauðárkróki sunnudaginn 15. febrúar. Elísabet hafði barist við krabbamein síðan í sumar. Hún lætur eftir sig þrjár dætur, þær Hörpu Katrínu, Sólveigu Birnu og Rebekku Hólm Halldórsdætur. Þeir sem vilja leggja þeim lið geta lagt inn á eftirfarandi reikning: 0323-13-302434 og kt: 160373-3429.

HEILBRIGÐISMÁL „Við förum væntanlega í næstu viku til Boston með Þórunni þar sem á að reyna að fjarlægja blett á vinstra heilahveli hjá henni,“ segir Kristbjörg Kristjánsdóttir, móðir tvíburasystranna Þórunnar Bjargar og Sonju Óskar.

Fréttablaðið sagði sögu systuranna í desember en systurnar, sem eru níu ára gamlar, greindust á síðasta ári með litningagallann Ring chromosome-20. Litningagallinn er afar sjaldgæfur en aðeins er vitað um 40 tilfelli í heiminum frá árinu 1973 þegar fyrsta tilfellið var greint.

Systurnar eru einu tvíburarnir í heiminum sem vitað er af með litningagallann og einu Íslendingarnir. Sjúkdómurinn lýsir sér með miklum flogaköstum en einnig hefur atferli systranna gjörbreytst. Systurnar fá mikil skapofsköst og erfitt getur verið að ráða við þær.

Til þess að ná tökum á flogaköstunum hefur systrunum verið gefin ýmis flogaveikilyf. Það hefur virkað á Sonju Ósk en ekki hefur tekist að finna lyf sem virkar fyrir Þórunni.

Að sögn móður hennar er hún mikið veik núna og hefur verið haldið sofandi á aðra viku. „Hún er með sveppasýkingu í slagæðakerfinu, lungnabólgu, mikinn hita og er haldið sofandi í öndunarvél,“ segir Kristbjörg.

Beðið er þess að Þórunn hressist þannig að hægt verði að flýga með hana til Boston þar sem stendur til að reyna að fjarlægja blett á vinstra heilahveli hennar.

Fengist hefur leyfi fyrir undanþágu á nýju lyfi sem er talið geta

“Hún er með sveppasýkingu í slagæðakerfinu, lungnabólgu, mikinn hita og er haldið sofandi í öndunarvél.

Kristbjörg Kristjánsdóttir, móðir systranna.

virkað fyrir Þórunni en hún mun ekki byrja að nota það fyrr en hún kemur aftur heim frá Boston. „Það er óvíst hversu lengi við þurfum að vera í Boston, þetta er allt í lausu lofti. Við þabbi hennar og konan hans erum meira og minna hér yfir henni uppi á gjörgæsludeild. Þetta tekur rosalega á okkur sem og alla í fjölskyldunni,“ segir Kristbjörg en auk tvíburanna á hún á tvö önnur börn auk tveggja stjúpbarna sem dvelja hjá fjölskyldunni eina helgi í mánuði núna. Frá því að Þórunn var lögð inn á Barnaspítalann síðast þá hafa foreldrar Kristbjargar verið með hin börnin á Ólafsvík þar sem þau búa. Kristbjörg ásamt föður systranna og konu hans hafa skipst á að vaka yfir Þórunni meðan hún er svona mikið veik.

Vinir og ættingjar fjölskyldunnar hafa halda úti söfnunarreiðingum fyrir fjölskylduna en veikindin hafa reynt mikið á fjárhag fjölskyldunnar. Kristbjörg er öryrki auk þess sem sambýlismaður hennar hefur þurft að vera mikið frá vegna veikindanna.

Þeim sem vilja leggja fjölskyldunni lið er bent á söfnunarreiðinginn 0190-05-060444 kt. 131082-4289.

viktoria@frettabladid.is



SONJA ÓSK OG ÞÓRUNN BJÖRG Systurnar greindust á síðasta ári með sjaldgæfan litningagalla sem lýsir sér með miklum flogum og gjörbreyttu atferli.

Konu leitað við Mýrdalsjökul og gámur f auk á hliðina í Vestmannaeyjum:

Ofsaveður var víða um land

VEÐUR Vont veður var víða um land um helgina, þá sérstaklega sunnudag.

Í gær var veginum um Sandskeið, Hellisheiði og Þrengsli lokað auk þess sem lokað var fyrir alla umferð undir Eyjafjöllum og að Vík.

Björgunarveitir á Suðurlandi stóðu í ströngu í gær.

Verst var ástandið undir Eyjafjöllum þar sem rúður brotnuðu í bílum og bílar fuku á hliðina á svæðinu frá Pétursey að Skógum. Reynt var að senda traktor frá Sólheimahjáleigu á staðinn en hann varð frá að hverfa vegna veðurofsans. „Veðrið var snælduvitlaust helvíti sama hvert lítið var,“ segir Svanur Sævar Lárússon hjá aðgerðarstjórn björgunarsveitanna á Suðurlandi.

Björgunarsveitir leituðu konu við Mýrdalsjökul frá því fyrir miðnætti á laugardag en leitin gekk erfiðlega þar sem aftakaveður var á svæðinu. Hætta þurfti leit þar sem leitarmenn komust ekki leiðar sinna og bíða þess að veður lægði.

Konan hafði ætlað að fara á gönguskíðum í kringum jökulinn og er sögð von ferðalögum við erfiðar aðstæður. Þegar blaðið fór í prentun í gær hafði



MÖRG ÚTKÖLL Björgunarsveitir á Suðurlandi stóðu í ströngu í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

ekkert spurst til konunnar. Í Vestmannaeyjum var aftakaveður í gær og allt að 50 m/s í hviðum. Fjör-tíu feta gámur tókst á loft og f auk á hliðina við fiskverkunina Löngu.

-vh/jóe

FÉKKSTU EKKI BLAÐIÐ Í MORGUN?
KOM ÞAÐ OF SEINT?

Vinsamlegast láttu vita í gjaldfrjálst númer
800 1177 eða á dreifing@postdreifing.is

Póst dreifing

Hjálpaðu okkur að bæta þjónustuna.

Blaðið á að berast þér fyrir kl. 7:15 virka morgna
og 8:15 á laugardögum

FRÉTTABLAÐIÐ

50

FIMMTÍU ÁR Á ÍSLANDI

TOYOTA

MEST SELDI BÍLLINN Í 25 ÁR

GULLIÐ TÆKIFÆRI AURIS MEÐ AUKAHLUTAPAKKA



TOYOTA


ALWAYS A
BETTER WAY




ISLANDIA/SALSTW/7271/0215

Aukahlutapakki að verðmæti 354.000 kr. með öllum gerðum af Auris í takmarkaðan tíma.*

Flugmiði til Evrópu með Icelandair fylgir einnig með öllum gerðum af nýjum Auris í tilefni af 50 árum Toyota á Íslandi.



Filmur í rúður



Álfelgur



Heilsárs-dekkjagangur

Auris er eins og skapaður utan um þig og nú hefur þú gullið tækifæri til að eignast þennan hugvitsamlega hannaða, örugga og sparneytna bíl, með aukahlutapakka að verðmæti 354.000 kr. í takmarkaðan tíma, ásamt flugmiða til Evrópu með Icelandair í tilefni af 50 ára afmæli Toyota á Íslandi.

Komdu við hjá viðurkenndum söluaðilum Toyota og finndu Auris sem er eins og skapaður fyrir þig.

Verð frá: 3.310.000 kr.



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

*Gildir ekki með öðrum tilboðum.

**Gildir ekki með öðrum tilboðum. Viðkomandi þarf að vera meðlimur í Icelandair Saga Club. Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur. Nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum.

500.000 Vildarpunkta afmælisvinningur
verður dreginn úr hópi þeirra sem fá
nýja Toyota afhenta í febrúar**

SVONA ERUM VIÐ



77.780 kjarnafjöl-skyldur eru á landinu

en til kjarnafjölskyldu teljast hjón og fólk í óvígðri sambúð, börn hjá þeim 17 ára og yngri, einhleypir karlar og konur, sem búa með börnum 17 ára og yngri.

Sprengjuárás í miðju vopnahléi

ÚKRAÍNA Tveir létust og tíu særðust í sprengjuárás í Kharkiv í austurhluta Úkraínu í gær. Þetta kom fram á vef BBC í gær.

Árásin var gerð á hópsamkomu sem fagnaði upphafi mótmælanna í Kænugarði sem leiddu til þess að þáverandi forseti Úkraínu Viktor Yanukovych hrökklaðist frá völdum. Öryggissveitir hafa handtekið fjóra einstaklinga sem grunur leikur á að eigi aðild að árásinni.

Vopnahlé stríðandi fylkinga virðist vera að festast í sessi en stjór-

arherinn í Úkraínu hefur hafið að fjarlægja öll þungavopn frá átaka-svæðinu og sveitir uppreisnarmanna segjast munu gera slíkt hið sama á þriðjudag. Þá hafa fylkingarnar tvær haft fangaskipti á 191 stríðsfanga. Þessir þættir eru taldir vera lyklatríði í því að viðhalda vopnahléi í Úkraínu og byggja upp traust á milli stríðandi fylkinga.

Kharkiv tilheyrir þeim hluta Úkraínu sem er hliðhollur stjórnvöldum í Kænugarði en borgin liggur utan átakasvæða.



LÖGREGLUMAÐUR STENDUR VAKT-INA Tveir féllu í sprengjuárás í Kharkiv.

SERGEY BOBOK/AFP

6,3% hækkun síðasta ár: Launavísitala eykst í janúar

KJARAMÁL Hagstofa Íslands greinir frá því að launavísitala í janúar hækkaði um 0,7% frá fyrri mánuði og launavísitala hefur alls hækkað um 6,3% síðastliðna 12 mánuði. Í launavísitölu gættir áhrifa nýrri og eldri kjarasamninga ríkis og sveitarfélaga við nokkur stéttarfélag.

Kaupmáttur launa hefur einnig hækkað en kaupmáttur hefur aukist um 1,4% frá fyrri mánuði og 5,5% síðastliðna 12 mánuði.

- SFS



VIKULANGT PARTÍ Fáar hátíðir eru jafn yfirgripsmiklar og kjötkveðjuhátíðin í Rio De Janero í Brasilíu.

YASUYOSHI CHIBA/AFP

450 ára afmæli Rio De Janero setur mark sitt á hátíðarhöld: Fagnaðarlæti á kjötkveðjuhátíð

BRASILÍA Vikulangri kjötkveðjuhátíð Brasilíumanna lauk í síðustu viku. Hápunktur kjötkveðjuhátíðarinnar er hin víðfræga Sambadrome-búningaganga en gangan og hátíðarhöldin í kring um hana standa í tvo daga. Í göngunni etja virtustu sambaskólar borgarinnar kappi um sem mesta litadýrð, tónlist og búninga. Kjötkveðjuhátíðin laðar mörg þúsund ferðamenn til borgarinnar ár hvert. Um þessar mundir fagnar Rio De Janero 450 ára afmæli og hefur afmælið sett sitt mark á kjötkveðjuhátíðina í ár.

- SFS

Pörf á vitundaravakningu:

Bíða lengur á bráðamóttöku

HEILBRIGÐISMÁL Konur með hjarta- og æðasjúkdóma bíða aðstoðar lengur á bráðamóttöku en karlar og fá síður lyfjameðferð. Þetta sagði hjartalæknirinn Þórdís Jóna Hrafnkelsdóttir í fréttum Stöðvar 2 á laugardag.

Algengasta dánarorsök kvenna á Íslandi eru hjarta- og æðasjúkdómur en um 350 konur látast af þeirra völdum á ári hverju, þær yngstu 35 ára. Nú stendur yfir átak til að fræða konur um áhættuþætti þessara sjúkdóma.

- VH

Könnun meðal Norðmanna:

Næstum allir drekka í fríinu

NOREGUR Aðeins tveir af 100 Norðmönnum segjast ekki snerta áfengi í fríinu sínu. Einn af hverjum þremur drekkur daglega eina flösku af víni, eða fjóra til fimm bjóra, í fríinu sínu eða meira.

Þetta eru niðurstöður könnunar norska tryggingafélagsins Europeiske Reiseforsikring, að því er greint er frá á fréttavef VG. Allra mest drekka þeir sem fara í skíðaferðalög, að frátöldum þeim sem eingöngu fara í ferðalag til að drekka. Þátttakendur í könnuninni voru 16 til 67 ára.

- IBS

Þónokkrir sjóðir of litlir og líka úreltir

Einungis er hægt að úthluta úr þónokkrum styrktarsjóðum Háskóla Íslands á margra ára fresti vegna smæðar þeirra. Skoða á hvernig hagræða megi starfsemi sjóðanna til að fjölga úthlutunum styrkja, segir umsjónarmaður styrktarsjóðanna.

MENNTUN Þónokkrir af 53 styrktarsjóðum Háskóla Íslands eru svo litlir að einungis er hægt að úthluta úr þeim á margra ára fresti. Aðrir eru orðnir úreltir vegna ákvæða sem í þeim eru. Stjórn styrktarsjóðanna hyggst nú skoða hvernig hagræða megi starfsemi sjóðanna til að fjölga úthlutunum styrkja, að sögn Helgu Brár Árnadóttur, umsjónarmanns styrktarsjóða háskólans.

„Við þurfum að færa sjóðina nær því sem gengur og gerist í nágrannalöndum okkar. Þar eru sjóðirnir stærri og virkari og gefendur fá skattaívilnun. Það gæti verið hvatning til að gefa peningagjafir til vísinda og rannsókna. Til þess að hægt sé að veita árlega úthlutun þurfa sjóðirnir að vera með að minnsta kosti 20 til 30 milljóna króna höfuðstól. Þónokkrir eru undir þessu,“ segir Helga Brá.

Hún getur þess jafnframt að sú upphæð sem er til úthlutunar minnki vegna þess að greiða þarf fjármagnstekjuskatt af eignum styrktarsjóðanna.

Hver og einn sjóður hefur staðfesta skipulagsskrá. „Skipulagsskráin er skrifuð út frá vilja gefenda sem stofna minningarsjóð um sig eða nákomna ættingja. Ákveðinn hluti höfuðstóls er bundinn til að sjóðirnir lifi sem lengst. Ef upphæðin er lág þá verður ávöxtunin lítil og úthlutun sjaldnar. Sumar skipulagsskrár eru hins vegar úreltar eins og þegar segir til dæmis að styrkja eigi bóndason úr einhverju ákveðnu byggðarlagi.“

Af og til eru háskólanum gefnar fasteignir til að stofna minningarsjóð. Dæmi um slíkan sjóð er



Í HÁSKÓLANUM Ef upphæðin er lág þá verður ávöxtunin lítil og úthlutun sjaldnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Styrktarsjóður Áslaugar Hafliðadóttur en auglýst var um umsóknir um styrk úr sjóðnum nú í síðustu viku. Áslaug, sem lést 2011, arfleiddi Háskóla Íslands að fasteigninni Bjarkargötu 12 í Reykjavík til minningar um foreldra sína og jafnframt að 25 prósentum af öllum bankainnistæðum og verðbréfum í sinni eigu. Fasteignin var seld og er stofnframlag sjóðsins 120 milljónir króna. Heimilt er að úthluta til styrkja allt að 100 milljónum króna á sjó til 10 ára tímabili sem dreifist sem jafnast á hvert ár, að teknu tilliti til verðlagsbreytinga. Fyrst af öllu er sjóðnum ætlað að styrkja málefni er stuðla að eflingu íslenskrar tungu.



Sumar skipulagsskrár eru hins vegar úreltar eins og þegar segir til dæmis að styrkja eigi bóndason úr einhverju ákveðnu byggðarlagi.

Helga Brá Árnadóttir, umsjónarmaður styrktarsjóða Háskóla Íslands

„Nú er verið að auglýsa í fyrsta skipti eftir umsóknum um styrki úr þessum sjóði,“ greinir Helga Brá frá.

ibs@frettabladid.is

Aðalfundur Íslandsdeildar Amnesty International

laugardaginn 7. mars 2014, kl. 12:00 í húsnæði deildarinnar, Þinghóltsstræti 27, 101 Rvk., 3. hæð.


Dagskrá:

- **Dr. Anja Bienert** frá Amnesty International í Hollandi heldur erindi um starf deildarinnar er lýtur að mannréttindum og löggæslu. Heimsókn dr. Önu er liður í herferð Amnesty International *Stöðvum pyndingar*. Erindið fer fram á ensku.
- Aðalfundarstörf samkvæmt samþykktum deildarinnar ásamt lagabreytingatillögum.

AMNESTY INTERNATIONAL



Veðurspá



LÆGIR SMÁM SAMAN fyrst um vestanvert landið en mjög hvasst suðaustantil framan af degi. Á morgun verður yfirleitt skaplegt veður og víða dálítill el en á miðvikudag kemur næsta lægð með suðaustan stormi og töluverðri úrkomu.

SÍMAR AUGLÝSINGAÐEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Svanur Valgeirsson svanur@365.is **ALMENNAR AUGLÝSINGAR:** SÍMI 512-5401: Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Hjalti Egilsson hjalti@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Gunnhildur Geira Dan Þorlaksdóttir geira@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Jónatan Atli Sveinsson jonatan@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFTIR:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarssdóttir vera@365.is **RÁÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hranar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **PIÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

Gildistími korta er um hádegis

Alicante 21°	Friedrichshafen 5°	New York 0°
Apelna 12°	Gautaborg 3°	Orlando 27°
Basel 11°	Kaupmannahöfn 3°	Ósló 2°
Berlín 5°	Las Palmas 19°	París 10°
Billund 5°	London 9°	San Francisco 16°
Frankfurt 5°	Mallorca 21°	Stokkholmur 4°

Á MORGUN
Yfirleitt
5-10 m/s
en 10-15
SA-til.

MIÐVIKUDAGUR
15-23 m/s.

Elísabet Margeirsdóttir
veðurfréttamaður





Verð: 2.550.000 kr.

Citroën C3 Seduction VSX71
Skráður des. 2013, 1,6Di, dísil, sjálfskiptur
Ekinn 36.000 km. *(ábyrgð)*



Verð: 1.090.000 kr.

Volkswagen Polo Comfortline LKY41
Skráður maí 2008, 1,4i bensín, sjálfskiptur
Ekinn 111.000 km.



Tilboð: 3.390.000 kr.

Volvo S40 Kinetic D3 EMX35
Skráður janúar 2012, 2,0Di dísil, sjálfskiptur
Ekinn 47.000 km.
Ásett verð: 3.590.000 kr.



Tilboð: 790.000 kr.

Ford Fusion Trend ALD03
Skráður júní 2008, 1,4i bensín, beinskíptur.
Ekinn 122.000 km.
Ásett verð: 890.000 kr.

NOTAÐIR BÍLAR

MIKIÐ ÚRVAL OG GOTT VERÐ

Gefðu betri bílakaup!

BÍLADILL DAGSINS!
Hafðu samband
strax!



Tilboð: 8.490.000 kr.

Toyota Land Cruiser 4x4 FDM35
Skráður janúar 2012, 3,0TDCi dísil, sjálfsk.
Ekinn 87.000 km.
Ásett verð: 9.490.000 kr. *(ábyrgð)*



Verð: 2.990.000 kr.

Mazda6 Premium AOD36
Skráður júní 2012, 2,0i bensín, sjálfskiptur.
Ekinn 68.000 km. *(ábyrgð)*



Tilboð: 2.490.000 kr.

Renault Megane II Berline FYM75
Skráður mars 2012, 1,5TDCi dísil, sjálfskiptur
Ekinn 56.000 km.
Ásett verð: 2.690.000 kr.

FINNDU BÍLINN ÞINN



*Skoðaðu fleiri
degni hér!*

TÖKUM ALLAR TEGUNDIR BÍLA UPPÍ

*SÝNDU OKKUR BÍLINN
ÞINN OG VIÐ GERUM
ÞÉR TILBOÐ Í MILLIGJÖF.
ENGIN SKULDBINDING*

NOTADIR.BRIMBORG.IS

Ýmsar fjármögnunarleiðir í boði. Spyrðu ráðgjafa.



Tilboð 4.890.000 kr.

Volvo XC90 Executive D5 AWD GTK54
Skráður mars 2008, 2,4Di dísil, sjálfskiptur.
Ekinn 125.000 km.
Ásett verð: 5.290.000 kr.



Tilboð: 2.590.000 kr.

Ford Mondeo Trend IFU54
Skráður maí 2011, 1,6TDCi, dísil, beinskíptur
Ekinn 65.000 km.
Ásett verð: 2.850.000 kr.



Tilboð: 2.790.000 kr.

Kia Rio Ex IVH19
Skráður apríl 2014, 1,4TDi dísil, beinskíptur.
Ekinn 5.400 km.
Ásett verð: 2.990.000 kr. *(ábyrgð)*



Tilboð: 3.690.000 kr.

Mazda6 Vision FHE21
Skráður maí 2013, 2,2TDCi dísil, sjálfskiptur.
Ekinn: 69.000 km.
Ásett verð: 3.890.000 kr. *(ábyrgð)*



Tilboð: 3.090.000 kr.

Ford Focus Trend Edition ATE60
Skráður mars 2014, 1,0i bensín, beinskíptur.
Ekinn 13.500 km.
Ásett verð: 3.290.000 kr.



Verð: 2.980.000 kr.

Ford Focus Trend Edition ZBV14
Skráður maí 2014, 1,0 bensín, beinskíptur.
Ekinn: 25.000 km. *(ábyrgð)*



Tilboð: 2.990.000 kr.

Mercedes Besn 200 E-Class MAE68
Skráður október 2008, 1,8i bensín/metan, sjálfsk.
Ekinn 139.000 km.
Ásett verð: 3.890.000 kr.

FYLGSTU MEÐ Á FACEBOOK



Notaðir bílar - Brimborg

Tilboðsbílarnir fara
beint á Facebook!

Söluæildir eru opnar virka daga kl. 9-17 og laugardaga 12-16.

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7030
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040
Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050



Öruggur staður til að vera á

VEISTU SVARIÐ?



1. Hvað heitir opunarmynd Stockfish, evrópsku kvikmyndahátíðarinnar, og hvaða Íslendingur leikur í henni?
2. Hvert var Fangelsismálastofnun að flytja og hvað var til húsa þar áður?
3. Á hvaða safni verða búningar Bjarkar Guðmundsdóttur sýndir?

SVÖR

1. Flugparken, Sverrir Guðnason. 2. Austurströnd 5, Landlæknisembættið. 3. Museum of Modern Art, Moma í New York.

Tekjur Skipta, móðurfélags Símans, námu 30,3 milljörðum króna á síðasta rekstrarári:

Skipti skila hagnaði í fyrsta sinn frá hruni

VIÐSKIPTI Skipti birtu uppgjör sitt fyrir árið 2013 á föstudag þar sem fram kemur að tekjur námu 30,3 milljörðum króna. Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði nam 8,3 milljörðum króna og hagnaður eftir skatta nam 3,3 milljörðum króna. Þetta er umtalsvert betri afkoma en í fyrra þegar tapið nam 17 milljörðum króna.

„Reksturinn var í ágætu jafnvægi á árinu. Tekjur jukust lítillillega og EBITDA stendur í stað milli ára,“ segir Orri Hauksson,

forstjóri Skipta hf. móðurfélags Símans, í afkomutilkynningu.

„Fjarskiptamarkaðurinn er í örri þróun. Eftirspurn eftir þjónustunni vex stöðugt og fjarskiptin verða sífellt ríkari þáttur í daglegu lífi fólks. Fjarskiptafyrirtæki um allan heim þurfa að laga tekjumyndunina að því að mæta eftirspurn viðskiptavina eftir þjónustu aðila eins og Facebook og Netflix, sem nýta sér kerfi þeirra og fjárfestingar, til að veita þjónustu sína. Þessi fyrirtæki

eru einnig í beinni samkeppni við fjarskiptafyrirtækin sjálf,“ segir Orri.

Eiginfjárhlutfall Skipta hf. er 49% og eigið fé er 29,9 milljarðar króna. „Efnahagsreikningur félagsins hefur gjörbreyst í kjölfar endurskipulagningar og skilar fyrirtækið nú hagnaði í fyrsta sinn frá hruni. Hann nemur 3,3 milljörðum króna. Fjárfestingar á árinu námu 4,5 milljörðum króna og eru þær mestu um árabíl,“ segir Orri.



BETRI AFKOMA Síminn skilar hagnaði í fyrsta sinn frá hruni. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



Verðtryggingin bíður dóms

Með lögum skal land byggja - en með ólögum eyða

Borgarafundur Háskólabíó 24. febrúar 20:00-22:00

Tónlist: Magnús Þór Sigmundsson

Frummælendur og pallborð:

Vilhjálmur Bjarnason ekki fjárfestir, formaður HH
Jacky Mallett, Vitvélastofnun Íslands
Marinó G. Njálsson, tölvunarfræðingur
Þórður Heimir Sveinsson, lögmaður HH
Aðalsteinn Sigurðsson, lögfræðingur
Vilhjálmur Birgisson, formaður VLFA
Ólafur Ísleifsson, hagfræðingur

Hagsmunasamtök heimilanna



Niðurstöðu að vænta um sýningu í Perlu

Ekki verða settir fjármunir í byggingu nýs náttúruminjasafns á næstu árum. Von er á niðurstöðu úr viðræðum um sýningu í Perlunni fljótlega. Útilokað er að uppfylla skilyrði í lögum um starfsemi safnsins, segir forstöðumaður safnsins.

MENNING Vegna skorts á fjármunum verður ekki ráðist í nýbyggingu í tengslum við Náttúruminjasafn Íslands á næstu árum, að sögn Illuga Gunnarssonar, mennta- og menningarmálaráðherra. Viðræður við Reykjavíkurborg og einkafjárfesti um náttúrugripasýningu í Perlunni eru á lokastigum.

„Við viljum auðvitað að það sé þá vel staðið að því og ég held að það sé fullur metnaður til þess hjá þeim sem við erum að ræða við, það er að segja Reykjavíkurborg og þessum fjárfesti, og ég á von á að það komi niðurstaða í það innan skamms,“ segir Illugi.

Hann segir sýningu í Perlunni ekki ígildi safns og eðlilegt sé að menn spyrji sig þá hvort sú sýning verði til þess að ekki verði byggt undir safnið í bráð. Menn verði þó að velja því fyrir sér hvort það sé samt ekki betra en að ekkert komi í mörg ár.

„Það vantar fjármuni inn í menntakerfið og það vantar fjármuni inn í menningarlíf okkar. Það að ráðast í nýbyggingar er ekki beint á dagskrá á næstunni, allavega á þessu ári eða næstu, umfram það sem menn hafa verið að ræða.“

Fréttablaðið hefur greint frá húsnæðisvanda náttúruminjasafnsins, en vegna samninga um önnur afnot á núverandi húsnæði fyrir skrifstofu safnsins er allsendis óvíst hvar því verður niðurkomið. Sú hrakningasaga er löng.

Spurður um stöðu safnsins og þá staðreynd að því er markaður rammi í lögum sem útilokað er að uppfylla við núverandi skilyrði segist Hilmar J. Malmquist for-

Til húsa á átta stöðum frá 1898

Á tímabilinu 1898–2008 hefur Náttúruminjasafn Íslands (NMSÍ) hrakist milli 8 staða, nær undantekningarlaust hefur verið um óviðunandi aðstöðu að ræða

- 1889-1890:** Vesturgata 16 (Gröndalshús)
- 1890-1892:** Hlíðarhúsastígur (Vesturgata 38)
- 1892-1895:** Kirkjustræti 10
- 1895-1899:** Vesturgata 5a (Glasgow)
- 1899-1902:** Ránargata 13 (Stýrimannaskólinn)
- 1902-1908:** Vesturgata 20
- 1908-1960:** Safnahúsið (Þjóðmenningarhúsið)
- 1967-2008:** Hlemmur (Náttúrufræðistofnun) Frá vori 2008 ekkert safn til sýnis á vegum NMSÍ• 2007-2010: Túngata 14 (skrifst. NMSÍ, 2 starfsmenn)
- 2010-2012:** Brynjólfsgata 5 (skrifst. NMSÍ, 2 starfsmenn)
- 2012-2013:** Skrifstofa NMSÍ lokuð, starfsmenn farnir.
- 2013-2015:** Skrifstofa NMSÍ opin, húsnæðinu sagt upp 01.02.2015.

stöðumaður hafa spurt þessa en ekki fengið nein svör. „Hvernig kemst Alþingi Íslendinga upp með það að semja lög um eina helstu menningarstofnun landsins, þar sem kveðið er á um mikilvægar skyldur varðandi miðlun fróðleiks og upplýsinga um náttúru landsins, sem er undirstaða menningar okkar og efnahags, sbr. fiskveiðar, virkjun vatnsafls og jarðvarma og þátt náttúru og landslags í ferðaþjónustu, en gerir stofnuninni svo ekki kleift að rísa undir nafni með því að nánast svelta hana í hel og úthýsa,“ spyr Hilmar.

„Hvurs lags forgangsroðun er það að skera niður gagnvart Náttúruminjasafninu á sama tíma og til að mynda tekjur í ferðaþjónustunni, sem hvílir á náttúru landsins, hafa aldrei verið meiri, eða um 300 milljarðar síðastliðið ár,“ segir Hilmar og undrast það að Alþingi þjármuni að starfsemi Náttúruminjasafnsins þegar utanaðkomandi fjárfestar eru tilbúnir að leggja hönd á plóg þannig að framlag ríkisins verði með minnsta móti.

VARLA HÖFUÐSAFN



„Það er nú þessi langa sorgarsaga,“ segir Illugi Gunnarsson, mennta- og menningarmálaráðherra, um húsnæðisaðstöðu Náttúruminjasafns Íslands.

„Þetta á að vera höfuðsafn, en það er nú varla hægt að tala um það sem höfuðsafn meðan ekkert safn er til.“

„Rökin geta ekki verið af rekstrarlegum toga því ekkert annað höfuðsafn, eða safn yfir höfuð, býr við jafn álitlegar aðstæður til að bera sig vel fjárhagslega. Nægir annars vegar að benda á að nú þegar heimsækja Perluna 300 til 500 þúsund erlendir gestir árlega og hins vegar að þessir gestir eru á höttunum eftir náttúrunni, sem er svo merkileg og sérstök á margan hátt,“ segir Hilmar.

kolbeinn@frettabladid.is
svavar@frettabladid.is

PEUGEOT 2008

SJÁÐU UMHVERFIÐ Í NÝJU LJÓSI



Myndin sýnir Peugeot 2008 í Allure útfærslu. *Væðingartöl frá Peugeot, SAFE +3



Eldsneytiseyðsla í blönduðum akstri frá **3,4** til **4,5**L/100km og CO₂ útblástur (g/km) frá **87** til **104**.

PEUGEOT 2008 KOSTAR FRÁ KR. 3.130.000 - TIL AFGREIÐSLU STRAX

MOTION & EMOTION



PEUGEOT



Bernhard ehf • Vatnagörðum 24 - 26 • Sími 520 1100 • www.bernhard.is

Umboðsáðilar: Reykjanesbæ, Bernhard, sími 421 7800 • Akranesi, Bílver, sími 431 1985 Akureyri, Höldur, sími 461 6020 • Vestmannaeyjum, Bragginn, sími 481 1535



Þú finnur okkur á
Facebook
facebook.com/PeugeotIceland

Ók á grindverk og stakk af: Númeraplatan afhjúpaði hann

LÖGREGLUMÁL Um klukkan hálf fimm aðfaranótt sunnudags var bifreið ekið á grindverk í Skeifunni og ók ökumaður af vettvangi. Þetta kemur fram í dagbók lögreglu. Við áreksturinn féll númeraplata bílsins af og tókst lögreglu þannig að hafa uppi á eigandanum. Umráðamaður bílsins var áberandi ölvður þegar lögreglu bar að garði og var hann handtekinn og færður á lögreglustöð. Hann var vistaður í fangaklefa þangað til hann yrði í ástandi til að yfirheyrja hann. -vh



FIKT Talið er líklegt að einhver hafi verið að fíkta í brunaboða.

Reyndist ekki vera eldur: Egilshöll rýmd

Egilshöll var rýmd seinnipartinn í gær eftir að brunakerfið þar fór í gang. Fljótlega kom þó í ljós að enginn reykur eða eldur var sjáanlegur og hvergi hafði kviknað í. Slökkviliðið var ekki kallað út vegna þessa. Í samtali við Vísir.is sagði starfsmaður hússins að líklega hafi börn eða unglingar verið að fíkta í kringum brunaboða.

Fyrirverandi forseti ákærður: Mikil óvissa á Maldíveyjum

MALDÍVEYJAR, AP Yfirvöld á Maldíveyjum hafa handtekið Mohamed Nasheed, fyrirverandi forseta landsins, vegna ákvörðunar hans



um að handtaka hæstaréttardómara árið 2012. Nasheed er núverandi leiðtogi stjórnanandstöðunnar og hafa stuðningsmenn hans mótmælt úti á götum höfuðborgarinnar Male. Mikil pólitísk óvissa ríkir á eyjunum vegna málsins.

Forsetinn fyrirverandi tapaði embættinu einmitt vegna þessa máls en hann sagði af sér eftir margra mánaða mótmæli. Hann tapaði síðan kosningum um embættið árið 2013. -jóe



FRÁ ATHÖFNINNI Kristín Ingólfssdóttir rektor sagði stærðfræði vera orðna undirstöðugrein.

Leggja áherslu á stærðfræði: 480 brautskráðir

MENNTUN Háskóli Íslands brautskráði á laugardag 480 kandidata. Kristín Ingólfssdóttir rektor hélt ávarp við brautskráningarathöfnina þar sem sem hún sagði að það þyrfti að leggja stóruauna áherslu á stærðfræðikennslu á öllum skólastigum Háskóla Íslands. Því mun háskólinn á næstunni ráðast í breytingar, meðal annars á námi stærðfræðikennara. Þá verður öllum nemendum skólans fært að styrkja stærðfræðikunnáttu sína með nýjum hugbúnaði sem nú er í þróun, þeim að kostnaðarlausu. Hún sagði stærðfræði vera orðna undirstöðugrein í vaxandi fjölda fræðisviða og í atvinnulífi. -vh

Heilbrigðisráðherra segir það vera áhyggjuefni að færri foreldrar velji að bólusetja börn sín:

Rætt um að krefjast bólusetningar leikskólabarna

HEILBRIGÐISMÁL Heilbrigðisráðherra segir það áhyggjuefni ef foreldrum heldur áfram að fækka sem bólusetja börn sín. Hann segir að rætt hafi verið um að krefjast þess að börn séu bólusett til þess að þau geti gengið í skóla hér á landi. Þetta kom fram í fréttum Stöðvar 2 í gær.

Í vikunni kom fram að á bilinu fimm til tólf prósent barna hér á landi eru ekki bólusett. Ráðherrann segir að vel sé fylgst með þróun mála hérlandis. „Við höfum áhyggjur af því ef það fer að slakna á þessu,“ segir Kristján Þór.

Dæmi eru um það, til að mynda í Bandaríkjunum, að þess sé krafist að börn séu bólusett gegn ákveðnum sjúkdómum til þess að þau megi ganga í opinbera skóla. Foreldrar þurfa þá oft að framvísa bólusetningarskírteinum svo hægt sé að skrá börnin í skóla. Kristján Þór segir að rætt hafi verið hvort hægt sé að fara slíka leið á leikskólum hér á landi ef börnum sem eru bólusett heldur áfram að fækka. „Það er ein af þeim leiðum sem hefur komið upp í umræðu en á þessu stigi tel ég ekki vera ástæðu til slíkra inngripa. -lvþ



ÁHYGGJUR Kristján Þór telur ekki ástæðu til inngripa eins og að krefjast bólusetninga, á þessu stigi. FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR



VAGN Á FERÐ Ferðapjónusta fyrir fatlaða á höfuðborgarsvæðinu er mikið verkefni en samkvæmt því sem framkvæmdastjóri SSH segir eru daglega farnar 17 til 18 hundruð ferðir í kerfinu. Vandamál nái kannski til fimm prósentna umfangsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fóru aðra leið með Strætó en velferðarráð hefði kosið

Óánægja með þunglamalega þjónustu og kostnaður varð til þess að velferðarráð Reykjavíkur vildi bjóða út akstur Ferðapjónustu fatlaðra í borginni. Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu sömdu svo við Strætó.

FRÉTTASKÝRING

Óli Kristján Ármannsson
olikr@frettabladid.is



Ferðapjónusta fatlaðs fólks

SAMGÖNGUR Önnur leið var farin við endurskipulagningu Ferðapjónustu fatlaðra en lagt var upp með á vettvangi velferðarráðs Reykjavíkur. Þar hafði þjónustan og leiðir til úrbóta verið til umræðu í nokkur ár áður en lagt var í breytingar.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var fyrir síðustu sveitarstjórnarkosningar takmörkuð ánægja innan meirihluta velferðarráðs borgarinnar með að fela Strætó áframhaldandi umsjón með ferðapjónustu fatlaðra.

Fundargerðir velferðarráðs bera með sér að nokkurrar óánægju hafi gætt með kostnað við Ferðapjónustuna, auk þess sem notendur þjónustunnar höfðu kvartað yfir þunglamalegri þjónustu. Ferðir þyrfti til að mynda að panta fyrir ákveðinn tíma deginum áður og sveigjanleiki þjónustunnar var lítill.

Horfði bæði hluti fulltrúa velferðarráðs, sem og hagsmunasamtök fatlaðra, til árangurs sem náðst hafði hjá Ferðapjónustu blindra. Þar panta notendur leigubíla þegar þörf er á akstri og eiga rétt á ákveðnum fjölda ferða í mánuði hverjum.

Einnig hafði sýnt sig að sú þjónusta var töluvert ódýrari en hjá Ferðapjónustu fatlaðra fyrir breytinguna í nóvember síðast-

liðnum. Niðurgreiðsla borgarinnar er sögð hafa verið um 45 prósentum hærri á hverja ferð með Ferðapjónustu fatlaðra en Ferðapjónustu blindra.

Innan velferðarráðsins var þó einnig haldið á lofti öðrum sjónarmiðum og þá sér í lagi hjá fulltrúa Vinstri grænna í ráðinu, Þorleifi Gunnlaugssyni. Hann talaði fyrir því að þjónustu við fatlaða ætti ekki að skilja frá öðrum almenningssamgöngum.

„Að mati velferðarfulltrúa Vinstri grænna verður aðeins þannig unnið gegn samfélagi aðskilnaðar,“ segir í fundargerð 6. september 2012. Tillögur hans voru þó jafnharðan felldar.

Á seinni hluta árs 2013, þegar stefndi í að efnt yrði til útboðs um aksturinn, bæði til að bæta þjónustu og draga úr kostnaði hjá borginni, þá breyttust viðhorf hjá Strætó, sem fram að þeim tíma hafði sagt ómögulegt að taka upp svokallaða samdægursþjónustu. Þá hafði verkfræðistofan Mannviti unnið skýrslu um sveigjanlegri þjónustu (svokallaða FLEX-þjónustu) og skipulagsbreytingar með nýju kerfi sem einnig gæti náð utan um þjónustu við fatlaða.

Seint á árinu 2013 er málið komið í hendur verkefnastjórnar hjá Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH). Innan SSH talaði Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, bæjarstjóri Hafnarfjarðar (sem 2010 til 2011 var stjórnarformaður Strætó), fyrir svipuðum hugmyndum og Þorleifur Gunnlaugsson hafði haldið á lofti í velferðarráði Reykjavíkur og vildi láta fresta útboði



Í MAÍ Í FYRRA Stjórn SSH kom saman í ráðhúsinu í Reykjavík til að skrifa undir samkomulag um sameiginlega Ferðapjónustu fyrir fatlaða. MYND/SSH

Ekki tímabært að ræða breytingar

Hæpið er að náist á þeim hálfu mánuði sem eftir er af þeim tíma sem gefinn var til að lagfæra ferðapjónustu fatlaðra á höfuðborgarsvæðinu að sníða vankantana af kerfinu, hefur fréttastofa RÚV eftir **Stefáni Eiríkssyni**, formanni neyðarstjórnar ferðapjónustunnar. Rætt var við hann eftir fund Sjálfsbjargar, Öryrkjabandalagsins og Proskahjálpar á miðvikudag um ferðapjónustu Strætó. Stefán segir alvarlegt atvik sem upp kom í þjónustunni á þriðjudag endurspegla að enn sé ekki komið gott lag á þjónustuna. „En það eru allir að leggja sig fram við að koma þessu í rétt og öruggt horf og vonandi tekst okkur það fyrr en síðar,“ er eftir Stefáni haft. Þá útilokar hann ekki að gerðar verði tillögur um einhverjar grundvallarbreytingar. „Það er bara ekki tímabært að segja til um það.“



þar til farið hefði verið yfir hvort Strætó gæti sinnt þjónustuborðsbætti ferðapjónustunnar.

Sveitarfélögin vildu öll ná fram hagræðingu og síðan var ákveð-

ið í framhaldinu að fela Strætó utanumhald þjónustunnar. Skrifað var undir samkomulag þeirra í maí 2014 og í nóvember var svo hafinn akstur í nýju kerfi.

Vertu tilbúin fyrir.....

SUMARIÐ 2015

2015 árgerðin af hjólhýsum frá Hobby og Adria

Komdu og upplifðu framtíðina í hjólhýsum og
byrjaðu að hlakka til næsta sumars.

Að sjálfsgöðu tökum við gamla vagninn upp í nýjan.

Opið laugardaga og sunnudaga
frá klukkan 12 til 16.



★★★★★
GÆÐI - GLÆSILEIKI - GOTT VERÐ

Hobby



ADRIA

VÍKUR
V • E • R • K

VÍKURVERK EHF • VÍKURHVARF 6 • 203 KÓPAVOGUR • SÍMI 557 7720 • WWW.VIKURVERK.IS

Ferja og bátur skulu saman:
Mannskaði í Bangladesh

BANGLADESH, BBC Talið er að tæplega fimmtíu hafi farist þegar ferja og fiskibátur skulu saman á ánni Padma skammt frá Dakka, höfuðborg Bangladesh. Ríflega hundrað manns voru um borð í ferjunni og náðu minnst fimmtíu að synda í land. Kafarar leita nú að líkum á botni árinna. Skipstjóri bátsins og áhöfn hafa verið handtekin og er verið að rannsaka hvort ákæra verði gefin út á hendur þeim.

-jóe

Olíubjónustuskip sem er hannað af íslensku fyrirtæki hlaut alþjóðleg umhverfisverðlaun:
Fékk verðlaun fyrir hönnun á nýju skipi

TÆKNI Skipasmíðafyrirtækið Havyard Group og Fáfnir Offshore hlutu á miðvikudaginn umhverfisverðlaun á Offshore Support Journal-ráðstefnunni í Lundúnum. Fáfnir Offshore hlaut verðlaunin fyrir hönnun á nýju skipi, Havyard 833 WE ICE, sem er orkusparandi olíubjónustuskip. Skipið er annað í röðinni sem er smíðað fyrir Fáfnir Offshore. Svona orkusparandi tækni er ekki ný af nálinni en það sem gerir Havyard 833 WE ICE svona sérstakt er að stöðugleikabúnaður (e. dynamic positioning) þess nýtir rafmagn í meiri mæli og krefst því ekki jafn mikillar olíunotkunar og hefðbundin olíubjónustuskip. „Þetta er heilmikill áfangi,“ segir Steingrímur Erlingsson, stofnandi Fáfnis Offshore. „Nú er mikið um verðlaunaafhendingar um þessar mundir, Eddan, Óskarinn og fleira þannig að það mætti segja að þessi verðlaun séu eins konar BAFTA-verðlaun í okkar starfsgrein. Þetta er mikill heiður fyrir félagið, en líka fyrir land og þjóð,“ segir Steingrímur.

-srs



VERÐLAUN Steingrímur Erlingsson tekur við verðlaunum í Lundúnum



OPIÐ HÚS Guðríður Þórðardóttir hjúkrunarfræðingur mælir blóðþrýsting Elsu Yeoman borgarfulltrúa.

Jafn margar konur og karlar látast vegna hjartasjúkdóma:
Konur geri sér grein fyrir áhættu

HEILBRIGÐISMÁL Forsvarsfólk GoRed-átaksins stóð fyrir opnu húsi í húsakynnum Hjartaheilla í gær. Þar gafst konum kostur á að gangast undir ýmsar heilsufarsmælingar á borð við blóðþrýstingsmælingu, kólesterólmælingu, blóðsykursmælingu og fleira. GoRed er alheimsátak á vegum World Heart Federation. Átakinu er ætlað að vekja konur til umhugsunar um hjarta- og æðasjúkdóma. Jafn margar konur og karlar látast árlega af völdum slíkra sjúkdóma en einkenni sjúkdómsins eru óljósari hjá konum. GoRed á Íslandi er samstarfsverkefni Hjartaverndar, Heilaheilla, Hjartaheilla auk fagdeildar hjúkrunarfræðinga og fleiri fagaðila.

-srs

Upp komst um kortasvik:
Kortasvikari handtekinn

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á Suðurnesjum hafði afskipti af karlmanni sem kom til Íslands frá Amsterdam um síðustu mánaðamót. Maðurinn, sem ferðaðist með falsað vegabréf, var handtekinn eftir að upp komst að hann væri að nota greiðslukort sem tilheyrði honum ekki. Við leit í tölvu og sínum mannsins kom í ljós mikið magn gagna varðandi umfangsmikil greiðslukortasvik og skilríkjafölsun. Maðurinn afplánar nú 60 daga fangelsisvist hér á landi.

-srs

Keyrðu í annarlegu ástandi:
Skiptu um sæti á ferð

LÖGREGLUMÁL Karlmaður og kona höfðu öðrumannsskipti á ferð þegar lögreglan á höfuðborgarsvæðinu ætlaði að stöðva þau á laugardag. Maðurinn var sá sem ók þegar lögreglumenn veittu bifreiðinni athygli en konan var undir stýri þegar þau voru stöðvuð. Bæði voru þau í annarlegu ástandi með útrúnni ökuréttindi. Þá fannst töluvert magn af fíkniefnum í bílnum. Konan er rúmlega tvítug og maðurinn þrítugur. Þau voru bæði vístuð fangageymslu.

-vh

Sóttu hermenn sína og menningarmuni

Tyrkneskir hermenn fóru suður yfir landamærin til Sýrlands í óþökk stjórnsvalda. Í leiðangrinum fjarlægðu þeir hermenn og forna gröf sem hermennirnir voru að verja. Sýrlendingar segja atvikið ótvírætt brot á sáttmála ríkjanna frá árinu 1921.

SÝRLAND, REUTERS Fjöldi tyrkneskra hermanna fór í björgunarleiðangur yfir landamærin til Sýrlands í fyrrinótt og bjargaði þaðan um fjörutíu kollégum sínum. Þeir höfðu verið umkringdir í marga mánuði af hermönnum Íslamska ríkisins við það að verja menningarminjar. Sýrlenska ríkisstjórnin sagði aðgerðina alvarlega og að stjórnvöld í Ankara myndu þurfa að svara fyrir hana. Drónar, skriðdrekar og flugvélar voru meðal þeirra tækja sem notuð voru í aðgerðinni auk hundraða almennra hermanna. Þetta er í fyrsta skipti sem tyrkneskir hermenn fara yfir landamærin síðan borgarastyrjöldin í Sýrlandi hófst. Ekki kom til átaka en einn lést í leiðangrinum af slysförum. „Allt gekk að óskum. Þetta var aðgerð sem stenst allar kröfur þjóðarréttarins og ekki er hægt að setja út á okkar framgöngu á nokkurn hátt,“ segir Ahmet Davutoglu, forsætisráðherra Tyrklands. Hann sagði að Tyrkir hefðu ekki beðið um leyfi fyrir förinni en látið Sýrlendinga vita um leið og hún hófst. „Ríki sem passa ekki upp á menningararfleið sína eiga enga framtíð,“ var haft eftir Davutoglu við sama tilefni. Tyrkir létu sér ekki nægja að fjarlægja hermennina heldur fluttu gröfina til. Í yfirlýsingu frá tyrkneska utanríkisráðuneytinu segir að gröfin sé enn í Sýrlandi, skammt frá þorpinu Emesi við landamærin.



VÍGREIFIR Hermennirnir koma inn í bæinn Kobane eftir förina. Um 600 hermenn og 100 skriðdrekar tóku þátt í aðgerðinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

„Þetta var aðgerð sem stenst allar kröfur þjóðarréttarins og ekki er hægt að setja út á okkar framgöngu á nokkurn hátt“

Ahmet Davutoglu, forsætisráðherra Tyrklands

og draga fána sinn þar að hún. Hún stóð nú að vísu tæpum hundrað kílómetrum norðar en hún gerði upphaflega. Árið 1973 var gröfin færð nær Tyrklandi til að koma í veg fyrir að hún eyðilegðist í miklum flóðum.

johannoli@frettabladid.is

GERÐU GÓÐAN BAR BETRI

Mikið úrval af fallegum og vönduðum vörum fyrir barþjónustu



FASTUS

Veit á vandaða lausn

Verið velkomin í verslun okkar að Síðumúla 16. Opið mán - fös 8.30 - 17.00
Síðumúli 16 • 108 Reykjavík • Sími 580 3900 • www.fastus.is

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

visir þú að...
Ófberðsúnnir
tölvuleikir
hafa áhrif
á börn.



DORMA – HEILSUDAGAR

SOFÐU BETUR – LIFÐU BETUR!



SHAPE heilsudýna
með KARAT rúmgjörð og gafli

NYTT

**DORMA
VERDDÆMI**
160 x 200 cm aðeins
155.840
Fullt verð:
194.800

AFSLÁTTUR
20%

Fáanlegt bæði svart og hvítt
í stærðunum 120/140/160/180 x 200 cm



REST heilsurúm með Classic botni



**DORMA
VERDDÆMI**
120 x 200 cm aðeins
69.900
Fullt verð:
79.900

**FERMINGAR
tilboð**



Fáanlegt bæði svart og hvítt
í stærðunum 80/90/100/120/140/160/180 x 200 cm

DORMA – stillanleg heilsurúm

Charlotte Julien
Dream your world™



**Stillanleg
heilsurúm í miklu
úrvali verð frá aðeins
299.800**
2x90x200 cm

Fáanleg í öllum stærðum.
Komdu og sjáðu úrvalið!

NATURES COMFORT – heilsurúm



DORMAVERD
180 x 200 cm aðeins
164.900
Dýna, botn og
lappir

Fáanlegt bæði svart og hvítt í stærðunum
80/90/100/120/140/160/180 x 200 cm

DORMA

– býður góða nótt

DORMA Holtagörðum, Reykjavík ☎ 512 6800 • OPIÐ: Virka daga frá kl. 10.00-18.00 og Laugardaga frá kl. 11.00-16.00
Dalsbraut 1, Akureyri ☎ 558 1100 • Húsgagnahöllinni, Reykjavík ☎ 558 1100 • Skeiði 1, Ísafirði ☎ 456 4566

Er þörf á kynjakvótum í kvikmyndagerð?

Konur að kjötkötlunum

Edan, uppskeruhátíð íslenska sjónvarps- og kvikmynda-geirans, var haldin hátíðleg um helgina. Þar var kvikmyndaárinu sem nú er nýliðið fagnað og verðlaun veitt fyrir góða frammistöðu á ýmsum sviðum. Eins og svo oft áður kom bágborin staða kvenna fyrir í umfjöllun skemmtikrafta og verðlaunahafa.

Fréttablaðið greindi frá því á föstudag að engin kona var leikstjóri, handritshöfundur, kvikmyndatökumaður eða höfundur tónlistar í kvikmynd í fullri lengd árið 2014. Sjó myndir voru

framleiddar á árinu og viðfangsefni flestra þeirra það sem kalla má karllæg og aðalsöguhetjan í flestum tilvikum karlmaður. Kristín Atladóttir hagfræðingur tók af tilefni uppskeruhátíðarinnar saman gögn um hlutföll kvenna í íslenskum kvikmyndum á síðasta ári. Þar kom fram að

Fanney Birna Jónsdóttir

fanney@frettabladid.is



þegar lítið er til allra verka við kvikmyndagerð á síðasta ári voru karlar 73 prósent þeirra sem störfuðu í kvikmyndum og aðeins 27 prósent kvenna. Konur veljast fremur í aukahlutverk og starfa frekar við búninga og smink en karlar við framleiðslu, leikstjórn og kvikmyndatöku.

Formaður Samtaka kvenna í sjónvarpi og kvikmyndum, Dögg Mósedóttir, segir þörf á róttækum breytingum til að jafna hlutföll kynja í kvikmyndagerð – staðan sé mjög vandræðaleg. Hún bendir á ákveðinn valdastrúktúr í greininni sem flestir séu blindir á og viðhaldi ástandinu. Þannig er það skilyrði að styrkþegar frá Kvikmyndamiðstöð starfi í greininni. Meirihluti þeirra sem þar starfa eru karlar. Þannig eru líkur á því að konur hljóti styrki augljóslega litlar. Dögg segir pressu „að ofan“ nauðsynlega og telur lausnina mögulega felast í því að setja kynjakvóta. Þrýsta þurfi á breytingar.

Þessi ræða er kunnugleg. Nokkurn veginn nákvæmlega sama umræða og umkvartanir áttu sér stað í aðdraganda þess að lög um kynjakvóta í stjórnnum fyrirtækja voru sett. Þrátt fyrir áratugalanga baráttu kvenréttindasinna, aukna menntun kvenna og umsnúning kynjahlutfalla á ýmsum sviðum þjóðfélagsins voru efri stig viðskiptalífsins einsetin af körlum. Sýnt þótti að tíminn myndi ekki sjá um að leiðrétta þennan halla og því væri lagasetning nauðsynleg. Nú stendur kvikmynda- og sjónvarpsíðnaðurinn í sömu stöðu og viðskiptalífið gerði fyrir lagasetninguna. Líkt og Dögg bendir á sækir mest öll framleiðsla í þeim geira rekstrarfé sitt í ríkisstyrki. Um þá gilda lög. Jafnréttislög. „Það er fullkomlega réttlæt看legt að krefjast þess að ójöfn staða kynjanna sé leiðrétt,“ sagði Dögg í viðtali við helgarblað Fréttablaðsins.

Meira að segja þeir sem tala hæst fyrir kynjakvótum vilja líklegast ekki að þeirra sé þörf. En það er erfitt að breyta ára-, ef ekki áratugalöngum venjum yfir nótt. Ef sjónvarps- og kvikmyndaíðnaðurinn ætlar ekki að eiga á hættu að fá yfir sig íþyngjandi lagasetningu líkt og viðskiptalífið ríður á að bretta upp ermar og hleypa hinu kyninu að. Taka konurnar með og gefa þeim tækifæri. Það vill nefnilega svo skemmtilega til að helmingur áhorfenda er konur. Þeim finnst líka gaman að upplifa sinn reynsluheim í sjónvarpi og kvikmyndum.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Práinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is FRÉTTASTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson sme@frettabladid.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböðum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið landsins með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448 eða í tölvupósthafi fjolpostur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

FRÁ DEGI TIL DAGS

Gefið í skyn, en ekkert sagt

Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra var í viðtali við Fréttablaðið á föstudag. Þar sagði hann frá því að hann vilji skoða möguleikann á því að hluti af framkvæmdum við nýjan Landspítala verði fjármagnaður með sölu á eignum ríkisins. Ekki tiltók hann sérstaklega hvaða eignir hann hefði í huga, en nefndi að ríkið ætti fullt af eignum hér og þar bankar væru „drjúgir og orkufyrirtæki eru drjúg,“ eins og ráðherra orðaði það. Kristján Þór hefur orðað svipaðar hugmyndir, en aldrei hvaða eignir á að selja, en skiptar skoðanir munu verða um sölu á böðum og Landsvirkjun. Er ekki ráð að ráðherra nefni þær eignir sem

hann vill selja svo hægt sé að mynda sér afstöðu til slíkra hugmynda? Hætta að gefa í skyn og tala hreint út?

Hvar voru pr-mennirnir?

Umrætt útboð vekur hins vegar spurningar um hvar pr-menn ríkisstjórnarinnar voru í læknaverkfallinu. Ríkisstjórnin er að setja fjármuni í framkvæmdir við Landspítala, en læknar hafa harðlega gagnrýnt aðbúnaðinn þar og ræddu oft og tíðum um hann í verkfallinu. Af hverju ekki að stíga fram í miðju verkfalli og slá sig til riddara með umræddum framkvæmdum, frekar en að biða þar til nokkrum vikum eftir að verkfalli lýkur?



Nýtt ráðuneyti – já takk

Bandalag íslenskra listamanna (BÍL) hélt málþing í upphafi mánaðar þar sem hugmyndin um sérstakt ráðuneyti menningarmála var rædd. Sjálfstæðisbaráttan 21. aldarinnar, var yfirskrift þingsins, þannig að líklega hefur eitt hvað annað en skipulag ráðuneytismála borið þar á góma. Illugi Gunnarsson, mennta- og menningarmálaráðherra, tók vel í hugmyndina. Mögulega vegna þess að hann er að kafna í verkefnum í ráðuneytinu, en kannski er hann bara að hugsa um blaðamenn sem myndu fagna því að þurfa ekki að skrifa mennta- og menningarmálaráðherra í hvert sinn sem Illugi tjáir sig. kolbeinn@frettabladid.is

HALLDÓR



Hvað tefur í húsnæðismálum?

HÚSNÆÐISMÁL



Elín Björg Jónsdóttir formaður BSRB

BSRB hefur lengi bent á mikilvægi þess að brugðist verði sem fyrst við vanda og breyttum þörfum á húsnæðismarkaði til að tryggja öllum viðunandi húsnæði á viðunandi kjörum. Í nýútkominni skýrslu Velferðarvaktarinnar er sérstaklega bent á mikilvægi þess að huga að öryggi í húsnæðismálum. Brýnt er því að mati BSRB að setja í forgang uppbyggingu almenns leigumarkaðar og samræmt húsnæðisbótakerfi.

Nauðsynlegt er að gera leiguformið að raunverulegum valkosti í búsetumálum á Íslandi. BSRB telur að með almennu leigukerfi að norrænni fyrirmynd verði hægt að bjóða upp á langtímaleigu húsnæðis á viðunandi kjörum. Þörf á auknu framboði leiguhúsnæðis er mikil en um 20% félagsmanna BSRB hafa lýst því í kjarakönnunum bandalagsins að þeir vilji færa sig úr eigin húsnæði yfir á leigumarkað ef búsetuöryggi væri tryggt.

Það er jafnframt grundvallaratriði í stefnu BSRB að stuðningur hins opinbera við ólík búsetuform verði jafnaður. Taka verður strax upp samræmdar húsnæðisbætur í stað vaxta- og leigubóta til að stuðla að frekari jöfnuði fólks. Með hærri fjárstuðningi til leigjenda í formi samræmdra húsnæðisbóta verður fjöl-

→ Ríkið verður að koma með öflugum hætti að uppbyggingu leigufélaga og gera nauðsynlegar...

skyldum því gefið raunverulegt val um búsetuform.

Nú er bráðum ár liðið frá því að tillögur verkefnisstjórnar um framtíðarskipan húsnæðismála voru kynntar en engin frumvörp hafa enn verið lögð fram af hálfu félags- og húsnæðismálaráðherra. Ljóst er að mikillar óþreyju er farið að gæta eftir því að aðgerðir ríkisstjórnarinnar í húsnæðismálum líti dagsins ljós.

Ríkið verður að koma með öflugum hætti að uppbyggingu leigufélaga og gera nauðsynlegar breytingar á laga- og reglugerðarumhverfi þannig að leigufélög geti sinnt sínu mikilvæga hlutverki. BSRB bendir á að þeim bráðavanda sem nú blasir við á húsnæðismarkaði verður ekki brugðist við nema stjórnvöld leggi nú fram nauðsynlega fjármuni bæði í uppbyggingu leigufélaga og í nýtt og samræmt húsnæðisbótakerfi þar sem stuðningur við leigjendur verði aukinn. BSRB kallar því eftir að félags- og húsnæðismálaráðherra komi án tafar fram með raunhæfar tillögur til að tryggja húsnæðisöryggi og jafnræði á húsnæðismarkaði.

„Þvílík skömm“

Á síðasta degi liðins árs birtist leiðari í Fréttablaðinu sem fjallaði um meðferð embættis Sérstaks saksóknara á málum sem embættið hefur haft til meðferðar. Áður hafði Fréttablaðið – sem stundum fyrr – slegið upp fréttum af meintri valdníðslu embættisins við rannsókn á efnahagsbrotum í aðdraganda hrunsins.

DÓMSMÁL



Ögmundur Jónasson alþingismaður

Hver brýtur mannréttindi?

Í þessu tilviki var um að ræða tryggingafélagið Sjóvá sem hafði verið til rannsóknar hjá embættinu en ekki verið taldar forsendur til lögsóknar á hendur forstjóra þess eftir fimm ára rannsóknarferli. Fréttablaðið taldi mannréttindi hafa verið brotin á forsvarsmönnum fyrirtækisins með því að halda þeim svo lengi í óvissu og höfundur umrædds leiðara sparði ekki stóru orðin þegar hann klykkta út: „Þvílík skömm fyrir sérstakan saksóknara.“

Nú er það svo að varla þarf nokkurn mann að undra þótt tryggingafélagið Sjóvá skuli hafa verið tekið til rannsóknar en í aðdraganda hrunsins höfðu orðið breytingar á eignarhaldi með margvíslegum tilfæringum og beindist rannsóknin m.a. að lánveitingum úr tryggingabótasjóði félagsins. Eins og fram hefur komið hélt Sjóvá með sjóði sína suður í lönd og fjárfesti í áhættufyrirtækjum með þeim afleiðingum að ákvörðun var tekin, með réttu eða röngu, að veita milljörðum af skattfé til bjargar féluginu, auk þess sem iðgjöldin voru keyrð upp – m.a. um 40% í byrjun árs 2009. Þannig að almannahagsmunir voru þarna vissulega í húfi og fráleitt annað en að glannalegar fjárfestingar yrðu skoðaðar með tilliti til lögmætis og réttarstöðu.

Síðan er það annað mál hverjar ástæður eru fyrir því að rannsókn tekur langan tíma. Krufning á orsökunum gæti gefið okkur vísbendingu um hvar skömmin á heima og þá jafnframt hver það er sem brýtur mannréttindin.

Formgalla-lögfræði

Það sem augljóslega hefur gerst á Íslandi – að hluta til í tengslum við hrunmálin – er að málsmeðferð fyrir dómskerfinu hefur leitað í svipaðan farveg og við þekkjum af afspurn frá Bandaríkjunum þar sem fjölmennar sveitir rándýrra lögfræðinga taka að sér mál fyrir borgunarmenn, finna á þeim alls kyns formgalla og koma þannig í veg fyrir sakfellingu í brotum sem öllum almenningi þykja augljós.

Réttarkerfið þarf vissulega að

vera vandað í vinnubrögðum og standast nákvæma skoðun en hitt er líka til í dæminu að formgallaréttarkerfið verði yfirsterkara réttlætisréttarkerfinu þannig að fyrir vikið glatist trúverðugleiki þess.

Form til góðs og ills

Ekki svo að skilja að ég vilji gera lítið úr formi og formgöllum. Réttarkerfið er eðli máls samkvæmt grundvallað á formi. Form og formfesta er andstæðan við duttlunga og geðþótta. En form getur líka verið uppspretta mistaka ef ekki er nægur mannskapur og fjármunir fyrir hendi. Þess vegna leita efnamenn jafnan varna í forminu en síður í efnisatriðum. Og þeir, og stuðningsmenn þeirra, vita sem er, að öruggasta leiðin til að vernda efnadað lögbrota er að skera niður hjá ákærvaldinu.

Eva Joly

Í Kastljósi Sjónvarps var fyrir nokkrum dögum mætt til leiks Eva Joly, ráðgjafi Sérstaks saksóknara í kjölfar hrunsins. Í viðtalinu lýsti hún því mati sínu að málsmeðferð efnahagsbrota í íslensku réttarkerfi hefði verið fagmannleg og markviss og tekið minni tíma en sambærileg mál annars staðar.

Viðbrögðin við viðtalinu við Evu Joly voru almennt mjög jákvæð en heiftuðug af hálfu þeirra sem sýnilega skjálfa nú á beinum vegna hugsanlegrar afhjúpunar á skattaundanskotum þeirra sjálfra eða skjólstæðinga þeirra.

Haukar í horni

Þessir aðilar eiga hauka í horni í Stjórnarráði Íslands, sem markvisst hafa skorðið niður fjárveitingar til embættis Sérstaks saksóknara. Niðurskurðurinn torveldar embættinu að sjálfsögðu að rækja hlutverk sem löggjafinn hefur ætlað því.

Væri ekki nær að Fréttablaðinu þætti þetta vera skammarlegt í stað þess að veitast að þessu mikilvæga embætti með gifuryrðum? Það er vissulega rétt hjá Fréttablaðinu að sakborningum ber að sýna tillitssemi og nærgætni. Þeir eiga rétt á því. Ef rannsókn hefur legið niðri um lengri eða skemmri tíma og þannig lengt erfiða bið, þá ber að spyrja hvað valdi. Gæti þar verið um að kenna fjárskorti sem þá hlýtur að skrifast á reikning stjórnvalda en ekki embætti Sérstaks saksóknara. Er skömmin þá ekki þeirra?

Hvernig væri að fá eins og einn leiðara um þetta.

Óðal feðranna

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson rithöfundur



Óðal feðranna

Þeir líða dagarnir við vetrarhörkur og þennan endalaus sökudólga-elt-ingaleik, hring eftir hring, þar sem valdamenn fyrri ára klukka hver annan og skiptast á að „vera‘ann“, á meðan við fáum allra náðarsamlegast að fylgjast með. Hefur svo hver nokkuð að iðja. Nema svo koma allt í einu hátíðir þar sem fólk er verðlaunað fyrir vasklega framgöngu í listum og menningarlífi – þá birtir ögn og maður getur gleymt stórfiskaleik valdakallanna örskamma stund.

Við tókum okkur sem sé til og drifum í að horfa á tvær íslenskar myndir sem hvor með sínum hætti glíma við íslenskt samfélag, París norðursins eftir Hafstein Gunnar Sigurðsson en bráðlunkið handritið skrifað af Huldari Breiðfjörð og Vonarstræti eftir Baldvin Z þar sem Birgir Örn Steinarsson skrifar handritið með leikstjóranum.

Þetta eru ólíkar myndir sem maður ætti kannski ekki að tala um í sömu andrá; önnur dregin stórum dráttum, allt að því melódramatísk og 19. aldarleg í rómantískri sýn sinni á ógæfu og synd en hin innhverf og ísmeygileg; en báðar eftir unga karlmenn sem vonandi fá að gera margar góðar myndir fyrir okkur. Báðar myndirnar eru um þetta sem góðar myndir fjalla oft um: Af hverju erum við svona? af hverju fór þetta svona hjá okkur? hvað er eiginlega að okkur?

Gott og ilt

Í báðum myndunum fylgjumst við með ungu fólki reyna að fóta sig í íslenskri tilveru sem fer fram á forsendum gömlu skarfanna – gömlu stórfiskanna – og þar sem er eiginlega nánast vonlaust að lifa sómasamlegu lífi. Í báðum myndunum er ferningur: ungt par og eldri karlar, ilt eyðingarafli og vanmáttug góðvild. Í Vonarstræti kynnumst við Eik, ungri og einstæðri móður sem vinnur á leikskóla en drygir tekj-

urnar með vændi inn á milli (Hera Hilmarsdóttir) og Sölva, ungum fyrrum fótboltamanni á uppleið í bankanum (Þorvaldur Davíð Kristjánsson). Þetta eru góðir krakkar en leið þeirra er ólík: Í upphafi selur hún aðgang að líkama sínum en er laus úr ánaudinni í lokin. Í upphafi er hann frjáls fjölskyldumaður með sjálfa Máisólina í hádegisstað; í lokin hefur hann selt sál sína sömu öflunum og hún hafði áður selt sig. Í skurðpunkti myndarinnar hittist unga fólkið í hörferð bankstera til Flórída; þau fella hugi saman, ung og óspillt á þeirri stundu. Svo skilja leiðir og ungi maðurinn spillir af en hún hreinsar sig með uppgjöri við fjölskyldu þar sem grunnurinn var lagður að ógæfu hennar með misnotkun afans (sem virðist faðir barnsins hennar). Hinn roskni karlinn sem er megingerandi í sögunni er skáldið Móri, sem Þorsteinn Bachmann hefur fengið verðugt lof fyrir að leika. Þetta er hin göfuga fyllibytta sem er kunnugleg persóna í íslenskum sagnaheimi, hið ölvaða stórskáld vígt ógæfunni; hið góða afl sem bregst. Hann vill öðrum vel, og einkum þó stúlkunni sem er á sama aldri og dóttir hans myndi hafa verið og á litla stúlku á sama aldri og litla dóttir hans var þegar hún druknaði og er hið stóra áfall í lífi hans. Og um síðir tekst honum reyndar að bjarga ungu konunni með peningunum sem hann fær fyrir hjallinn sinn í hundraðogeinum þar sem til stendur að rústa öllu með risahótel – og forða sér til suðrænu eyjunnar sem illt íslensk skáld eru alltaf á leiðinni til.

Út í lífið á grænum miða

París norðursins er hljóðlátari mynd, berangurslegri, kannski sérviskulegri en um leið verða persónur hennar manni nákomnari, þær verða raunverulegri og meira lifandi í stað þess að vera táknmyndir og týpur, eins og myndi henda í Vonarstræti ef hún væri ekki svona vel leikin. Getur verið að fólk sé að verða afvant því að sjá myndir þar sem ekki gengur á með sjáanlegum stórmælum, barsmíðum og ofbeldi? Maður hefur að minnsta kosti orðið þess var að sumu fólki þykir sagan veigalítill í París norðursins. Því fer fjarri. Þar er sögð mikil saga og rammlega bundin og myndin á við okkur margvísleg brýn erindi.

Lýðræði fyrir alla?

Síðustu mánuði hef ég varla hugsað um annað en þátttöku innflytjenda í kosningum. Það er vegna þess að mastersverkefnið mitt, „Borgarstjórnarkosningar í Reykjavík 2014: Innsýn í reynslu fólks af erlendum uppruna af þeim“, fjallaði um þann málaflokk, í íslensku (eða í raun reykvísku) samhengi. Það er alveg ótrúlegt hvað þáttur eins og lýðræðisleg þátttaka minnihlutahóps í samfélaginu er í raun lítið rannsakaður. Hjá Hagstofu Íslands finnast eingöngu tölur um þátttöku fólks af erlendum bakgrunni frá árinu 2006 og bera þau hjá Hagstofunni fyrir sig að það sé of mikið álag á kjörstjórnir að safna þessum gögnum. Of mikið álag eða of mikið ómerkilegt?

Tölur yfir þátttöku eftir aldri hafa til dæmis verið notaðar til að rýna í mögulegar ástæður fyrir því að ungt fólk tekur lítinn þátt í kosningum, eins og raun bar vitni í síðustu borgarstjórnarkosningum

KOSNINGAR



Guðrún Magnúsdóttir MA í hnattrænum tengslum, fólksflutningum og fjölmenningsfræðum

(2014). Af hverju ætti ekki að vera hægt að nýta tölur yfir þátttöku fólks af erlendum uppruna í eitthvað svipað? Nú eða ef þessar tölur sýna mikla þátttöku, þá reyna að viðhalda þátttökuinni eða jafnvel bæta hana enn meira. Jafnvel skoða hvaða þættir hafa hvetjandi áhrif á fólkið til að taka þátt og reyna að nýta það í að hvetja aðra til þátttöku.

Íslensk stjórnvöld segja í stefnu sinni um aðlögun innflytjenda að þátttaka nýrra Íslendinga á öllum sviðum samfélagsins sé mjög mikilvæg. Jafnframt segir í stefnunni að hornsteinn Íslensks samfélags séu meðal annars lýðræði, samábyrgð og mannréttindi. Í mínum rannsóknum hefur komið í ljós að það eru ekki allir innflytjendur sem vita að þeir hafa í raun kosningarétt. Er það lýðræðislegt? Er það samábyrgð? Er það mannréttindi?

Það er alveg ljóst að á þessu sviði er margt hægt að bæta, sé vilji fyrir hendi.

Útboðsþing Samtaka iðnaðarins

- Verklegar framkvæmdir 2015 -

Hilton Reykjavík Nordica
Föstudaginn 27. febrúar kl. 13.00 – 16.40

Eftirtaldir aðilar kynna framkvæmdaáætlanir sínar á árinu:

Faxaflóahafnir

Reykjavíkurborg

Framkvæmdasýsla ríkisins

Orka náttúrunnar

Kópavogsbær

Landsvirkjun

OR Veitur

Vegagerðin

Gagnaveita Reykjavíkur

Skráning á www.si.is



Samtök iðnaðarins - www.si.is



MERKISATBURÐIR

1660 Karl 11. verður konungur Svíþjóðar.

1889 Hið íslenska kennarafélag er stofnað.

1927 Sveinbjörn Sveinbjörnsson tónskáld andast, 79 að aldri. Hann bjó lengst af í Edinborg. Sveinbjörn samdi á annað hundrað tónverka en er þekktastur fyrir lagið við Lofsöng (Ó, Guð vors lands) eftir Matthías Jochums-son, sem er þjóð-söngur Íslendinga.

1941 Plútóníum er í fyrsta sinn ein-angrað og fram-leitt af Dr. Glenn T. Seaborg.

1980 Æðstiklerkurinn Ruhollah Khomeini segir að þingheimur Írans muni ákveða örlög bandarískra fanga.

1983 Vídeo-son hættir útsending-um. Fyrirtækið hefur þá rekið kap-alsjónvarp í tvö ár og náð til um sex þúsund íbúða á höf-uðborgarsvæðinu.

1985 Torfi Ólafsson setur heims-met í réttstöðulyftu í flokki unglínga, lyftir 322,5 kg.

1987 Konur eru fulltrúar á Bún-aðarþingi í fyrsta sinn í sögu Bún-aðarfélags Íslands frá stofnun þess árið 1899. Þetta eru þær Ágústa Porkelsdóttir og Annabella Harðardóttir.

1997 Eldur gýs upp í rússnesku geimstöðinni Mír.



PETTA GERÐIST: 23. FEBRÚAR 1919

Mussolini myndar Fasistaflokkinn

Pólitíkusinn Benito Mussolini klauf sig úr ítalska Sósíalístaflöknum og myndaði Fasistaflokkinn þennan mánaðardag árið 1919.

Mussolini, sem hét fullu nafni Benito Amilcare Andrea Mussolini, var blaða-maður, rithöfundur, stjórnmálamaður og að lokum einræðisherra sem ríkti yfir Ítalíu frá 1922 til 1943.

Hann var helsti kenningasmiður ítalska fasismans og undir hans stjórn ríkti flokksræði, ritskoðun og markviss

útskúfun allrar stjórnarandstöðu á Ítalíu.

Pegar hann gerðist bandamaður nasista í síðari heimsstyrjöldinni varð Ítalía eitt af skotmörkum bandamanna. Innrás bandamanna á Suður-Ítalíu varð að lokum til þess að hann missti völdin og var seinna handtekinn nálægt Mílanó. Hann var tekinn af lífi af flokki ítalskra andspyrnumanna 28. apríl árið 1945.

Nú er Fasistaflokkurinn eini stjórn-málaflokkurinn sem bannað er að endur-reisa samkvæmt stjórnarskrá Ítalíu.



VINIR Bogey Rún og Alexander hittast reglulega og byrja jafnan á að fara heim til Bogeyjar, borða Cheerios og spjalla. FRÉTTABLAÐID/VALLI

Finnst gaman að baka

Bogey Rún Beck Helgadóttir hefur tvívegis tekið þátt í mentorverkefninu vinátta sem snýst um að ungmenni úr framhalds- eða háskóla tekur að sér barn á aldrinum sjö til níu ára og hittir það vikulega í einn vetur. Á morgun er alþjóðlegur mentordagur.

MARKMIÐ OG HUGMYNDAFRÆÐI

Vinátta er samfélagsverkefni þar sem lögd er áhersla á gagnkvæman ávinning með því að börn og ungmenni læri af aðstæðum hvors annars. Það byggir á þeirri hugmyndafræði að samskiptin séu jákvætt innlegg í líf barnsins því mentorinn verður barninu fyrirmynd og bætir möguleika þess við mótun sjálfsmyndar.

Börnin eiga að ...

kynnast nýjum hugmyndum, aðstæðum og öðlast nýja þekkingu og reynslu.

styrkja sjálfsmynd sína og auka félagsfærni.

kynnast nýjum aðstæðum til skemmtunar.

kynnast möguleikum til náms.

Mentorarnir eiga að ...

þroska félagslega færni og samskiptahæfni.

eiga uppbyggileg samskipti við börn og forráðamenn þeirra.

laga sig að margbreytilegum aðstæðum.

vinna að velferð barna og öðlast viðtæka reynslu í samskiptum við börn.

heimild: vinatta.is

Við spjöllum mikið saman, Alexander er rosalegur spjallari. Oft förum við eitthvað út á eftir en höfum líka bakað mikið saman heima hjá mér.

hverfið og þekkja ekki marga, hafi forgang,“ svarar hún og vonar að þeir sem taka þátt í mentorverkefninu á þessum vetri eigi eftir að hittast.

gun@frettabladid.is

+

Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
LILJA STEFÁNSDÓTTIR
garðyrkjumaður,
lést á Landakoti sunnudaginn 15. febrúar.
Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 25. febrúar kl. 13.00.

Jökull E. Sigurðsson
Stefán Sigurðsson
Trausti Sigurðsson
Sólveig Sigurðardóttir
og fjölskyldur.

Kristín Hlíf Andrésdóttir
Brynhildur Kristjánsdóttir
Hanna Dóra Magnúsdóttir

+

Ástkær sambýlismaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
PÁLL HREINN PÁLSSON
frá Þingeyri,
lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja 16. febrúar. Útförin verður gerð frá Grindavíkurkirkju föstudaginn 27. febrúar klukkan 14.00.

Margrét Pálsdóttir
Páll Jóhann Pálsson
Pétur Hafsteinn Pálsson
Kristín Elísabet Pálsdóttir
Svanhvít Daðey Pálsdóttir
Sólný Ingibjörg Pálsdóttir
afabörn og langafabörn.

Ársæll Músson
Guðmunda Kristjánsdóttir
Ágústa Óskarsdóttir
Ágúst Þór Ingólfsson
Albert Sigurjónsson
Sveinn Ari Guðjónsson

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@365.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 512 5000.

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



BEIKONRÁÐ

Þegar skera þarf beikon í bita er gott ráð að frysta beikonstrimlana stuttlega. Þannig er auðveldara að saxa þá niður og beikonið rennur ekki undan hnífum.



Sjálfvirkur hurðaropnunarbúnaður

fyrir húsfélög og fyrirtæki, ásamt uppsetningu og viðhaldi. Hentar vel fyrir aðgengi hreyfihamlaðra.

JARN&GLER

Skútuvogi 1h | 104 Reykjavík | Sími: 585 8900 | jarngler.is



HVAÐ ER HEILSUMEÐFERÐ JÓNÍNU BEN?

JÓNÍNA BEN KYNNIR Heilsumeðferð Jónínu Ben hefur verið starfrækt í rúman áratug. Meðferðin er einstaklingsmiðuð og hefur skilað fólki mun betri heilsu á skömmum tíma. Hér greinir hún frá því hvernig meðferðin fer fram.

Heilsumeðferðin sem ég kenni og fólk fer eftir hefur verið þróuð og notuð af pólsku læknumum dr. Ewa Dabrowska og dr. Agnesku Lemanskis,“ segir Jónína en læknarnir í Póllandi hafa áratuga reynslu af hreinsandi lækisfræðilegum föstum.

„Á föstunni eru virkjuð ýmiss konar viðbrögð, sem ætlað er að eyða uppsöfnuðum úrgangi og koma á jafnvægi og heilbrigði í líkamanum á ný. Ef aldrei er fastað missir líkaminn hæfileikann til að hreinsa sig sjálfur,“ segir Jónína.

Hún segir þessa meðferð hafa skilað einstaklega góðum árangri en hún miðar að því að virkja sjálfslækningarkerfi líkamans með föstu. Með föstunni skapist aðstæður þannig að líkaminn lækni sig sjálfur og vinni bug á ýmsum kvillum sem séu fyrir hendi. „Erfitt er að detoxa án hvíldar því stress dregur úr virkni,“ áreittar Jónína og því er mikilvægt að fasta í rólegu umhverfi á borð við það sem boðið er upp á í Póllandi.

HÉR ER DÆMI UM HVERNIG HEILSUMEÐFERÐIN FER FRAM:

Dagskráin byggir fyrst og fremst á áður nefndri föstu þar sem ákveðnu mataræði er fylgt sem byggir að mestu á lífrænt ræktuðu grænmeti og ávöxtum.

Innifalið í verðinu er gisting, fæðið, fræðslan, slökunartímarnir og bólgueyðandi meðferðir.

MEÐFERÐIR Í PÓLLANDI

14.-28. mars - **UPPSELT**

27. mars - 10. apríl

24. maí - 7. júní

15.-29. júlí

6.-20. september

Hveragerði 11.-25. apríl, nóvember, janúar og febrúar 2016

Flogið er til Gdansk og leigubíll nær í fólk á flugvöllinn.

Boðið er upp á kynnisferðir og verslunarferðir á góðu verði.

Gaman er að dvelja í Gdansk í nokkra daga eftir eða fyrir heilsufrið.



JÓNÍNA BEN
íprótttafræðingur.

JEPPARAFAGEYMAR

Nýjir og endurbættir



TUDOR High Tech rafgeymar.

95 Ah, 800 Amper

Endurhlaðast allt að 50% hraðar (Carbon boost)

Nýjar blýgrindur (3DX) = lengri ending

Alveg lokaðir og viðhaldsfriir

Mikið kaldræsiþol, örugg ræsing í miklum kulda

Góðir fyrir jeppa með miklum aukarafbúnaði

Mikið úrval - Traust og fagleg þjónusta.

SKORRI

TUDOR

SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

TUDOR

Bíldshöfða 12 • 110 RVK • 577 1515 • www.skorri.is

Fermingar tilboð

Valhöll 5 svæðisskipt heilsudýna

Pokagormakerfi, gæðabólstrun.

Verð með PU-leðurbotni og fótum.

120x200 cm **Verð aðeins kr. 79.900.-**

140x200 cm **Verð aðeins kr. 89.900.-**

Erum farin að taka niður pantanir. Væntanleg sending í lok mars.

12 mán.
vaxtalausr
greiðslur*

*3.5% lántökugjald

GERIÐ GÆÐA- OG VERÐSAMANBURÐ



Baldursnesi 6 - Akureyri



Listhúsið - Reykjavík

GJÖF FYLGIR

Vandyck sængurverasett að eigin vali fylgir öllum fermingar-rúmum í ár



Vandyck sængurverasett

Svefn & heilsa

★★★★★

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233

Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150

Opíð virka daga kl. 10:00 - 18:00

Laugardaga 12:00 - 16:00

www.svefn.is

Umboðsaðilar: Húsgagnaál - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir** | Sölumenn: **Bryndis Hauksdóttir**, bryndis@365.is, s. 512 5434
Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.is, s. 512 5429

FERMINGAKJÓLAR

STÆRÐIR 14-28

VERÐ FRÁ 7.990 KR

SKOÐAÐU ÚRVALIÐ Á CURVY.IS

Opið í verslun okkar að Fákafeni 9

Alla virka daga frá kl. 11-18

og laugardaga frá kl. 11-16

Fákafeni 9, 108 RVK | Sími 581-1552 | www.curvy.is

Yfirhafnir fyrir vorið komnar frá Basler!

Allar buxur á Útsölnunni komnar á 50% afslátt!

BASLER *Parísar* TÍZKAN

Fylgist með okkur á

Skipholti 296 • S. 551 0770

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

S A F T

VORVERKIN KALLA

HEIMILI Þótt enn sé febrúar er marga farið að lengja eftir vorinu. Til að friða óþreyjufulla græna fingur má fara að undirbúa sáningu sumarblómanna.

Flestum tegundum er sáð í mars og apríl en það er full ástæða til að fara að huga að sáningu sumarblómanna núna. Stjúpunar hafa til að mynda lengri spírunartíma en önnur sumarblóm og þá sérstaklega rauðu stjúpunar,“ segir Vilmundur Hansen garðyrkjufræðingur en við fengum hann til að ráðleggja um allra fyrstu garðverkin. Þótt enn sé febrúar er marga farið að lengja eftir vorinu.

HREINLÆTI
„Bakkar og ílát sem á að nota verða að vera hrein en í gamalli mold geta leynst sjúkdómar eins og sveppasýkingar. Því ætti að þvo allt sem á að nota vel, til dæmis með uppþvottalegi, og skola sápunu vel burt.“

SÁÐMOLD OG HENTUG ÍLÁT
„Best er að nota sáðmold því pottamold er of næringarrík fyrir unglöntur. Einnig þarf að velja rétt ílát sem henta þar sem á að koma öllu fyrir.“

BLEYTA MOLDINA MEÐ VOLGU VATNI
„Moldin fer svo í bakkana eða ílátin. Ekki fylla þó alveg upp að brún svo hægt verði að vökva án þess að flæði út fyrir. Bleyta svo í moldinni með volgu vatni svo fræin fái ekki sjokk.“

SÁNING
„Fræjunum er sáldrað yfir moldina. Það fer eftir stærð þeirra hvort moldarlag fer yfir þau. Ef þau eru þínulítill eins og stjúpufræin er nóg að þrýsta þeim létt ofan í moldina. Með stærri fræ er hægt að miða við að setja fræið þrisvar sinnum þvermál þess niður, svo mold yfir og vökva. Í því meiri snertingu sem fræið er við jarðveginn því fljótare er það að spíra. Að endingu er gott að setja glært eða hvítt plast yfir. Þá þarf ekki að vökva eins oft.“

HITASTIG OG BIRTA
„Hitastig þarf að vera 18-22 gráður meðan plönturnar eru að spíra. Hitastig og birta fara saman og því meiri birta sem er því hærra getur hitastigið verið. Hitinn má



þó ekki vera of hár, það getur leitt til þess að plönturnar verði langar og veiklulegar. Meðan plönturnar eru að spíra þarf að passa að rakinn sé nægur en ekki of mikill. Nota til dæmis úðabrúsa og úða yfir.“

LÆGRI HITI OG MEIRI BIRTA
„Spírunartími er mjög misjafn eftir tegundum og eins hafa ytri aðstæður áhrif. Þegar fyrstu spírunar og kynblöðin koma skal hafa plönturnar á eins björtum stað og hægt er og við 15-18 gráður. Þegar komnir eru tveir þrír blaðkransar eftir kynblöð má fara að dreifa plöntunum í venjulega gróðurmold.“

HJÁLEIÐ
„Það er hægt að spara sér eitt skref í ferlinu með því að nota einungis litla potta en ekki sáðbakka. Þá má setja tvo þriðju af venjulegri gróðurmold í pottinn og sáðmold efst, sá svo fræjum á sáðmoldina og þá vex plantan niður í hinn jarðveginn.“

VENJA PLÖNTURNAR VIÐ ÚTIVISTINA
„Þegar plönturnar eru orðnar nógu stálpaðar og farið að hlýna í lofti, þarf að venja þær við í áföngum. Setja þær út í stuttan tíma daglega, ekki í beina sól og taka þær inn yfir nóttina. Ef kalt er í veðri þarf að breiða akríldúk yfir þær.“

Í GARÐINUM
Vilmundur Hansen garðyrkjufræðingur ráðleggur um allra fyrstu garðverkin.
MYND/VILHELM

NÆGUR RAKI
„Meðan plönturnar eru að spíra þarf að passa að rakinn sé nægur en ekki of mikill. Nota til dæmis úðabrúsa og úða yfir.“



STJÚPUR Stjúpum þarf að sá í febrúar.



MORGUNFRÚ Morgunfrú þarf að sá í apríl.



BLÁHNOÐA Sá þarf bláhnöðu í mars.

SÁNINGARTÍMI SUMARBLÓMA

Ólíkum tegundum er sáð á mismunandi tímum. Vilmundur Hansen listaði upp nokkrar tegundir

FEBRÚAR
■ Stjúpublóm - (Viola x wittrockiana) – aðrar en rauðar
■ Drottningarfífill (Zinnia elegans)
■ Ljónsmunnur (Antirrhinum majus)

FEBRÚAR-MARS
■ Brúðarauga - (Lobelia erinus)
■ Frúarhattur - (Rudbeckia fulgida var. speciosa)

MARS
■ Apablóm - (Mimulus cupreus)
■ Bláhnöða - (Ageratum houstonianum)
■ Daggabrá - (Leucanthemum paludosum)
■ Garðajárnurt - (Verbena x hybrid)
■ Hádegisblóm - (Dortheanthus bellidiformis)
■ Ilmskúfur - (Matthiola incana)
■ Skógarmalva - (Malva sylvestris)
■ Sólblóm (Helianthus annuus)

MARS-APRÍL
■ Aftanroðablóm - (Lavatera trimestris)
■ Dalía - (Dahlia x hortensis)
■ Flauelsblóm - (Tagetes patula)
■ Klæðisblóm - (Tagetes erecta)
■ Morgunfrú - (Calendula officinalis)
■ Paradísarblóm - (Schizanthus x wisetonensis)
■ Sólbrá - (Coleostephus multicaulis)
■ Skjaldflétta - (Tropaeolum majus)

LANDMARK

FASTEIGNASALA

Sími 512 4900
landmark.is

Landmark leiðir þig heim!



Magnús Einarsson
Löggiltur
fasteignasali
Sími 897 8266



Sigurður Samúelsson
Löggiltur
fasteignasali
Sími 896 2312



Sveinn Eyland
Löggiltur
fasteignasali
Sími 690 0820



Íris Hall
Löggiltur
fasteignasali



Þórarinn Thorarensen
Sölustjóri
Sími 770 0309



Rúnar Óskarrson
MBA viðskiptafr. /
sölufulltrúi
Sími 895 0033



Eggert Mariusson
Sölufulltrúi
Sími 690 1472



Guðrún Dilljá
Lúðvíksdóttir
skjalagerð



Benedikt Ólafsson
sölufulltrúi
Sími 661 7788



Bylgja Bára Bragadóttir
sölufulltrúi
Sími 896 0247



Nadia Katrín
sölufulltrúi
Sími 692 5002

100% þjónusta = árangur*

* Starfsemi Landmark byggir á öflugum mannauði sem veitir afburðaðþjónustu! Okkur er sönn ánægja að sjá um þín fasteignaviðskipti – þú hringir við seljum!

DOMUSNOVA Fasteignasala

Nýbýlavegur 8. 2.hæð 200 Kópavogur eignir@domusnova.is S 527 1717

Kelduland 5 108rvk

Verð 23.900.000



Kristín Einarssdóttir
Sölufulltrúi
kristin@domusnova.is
Sími : 894-3003
Stærð : 51,4fm
Herbergi : 2
Byggingarár : 1971
Fasteignamat : 16.950.000

Kristín og Domusnova kynna:

Íbúð á jarðhæð með sérgarði í Fossvogi. Andyri með góðu fatahengi, baðherbergi með ljóstri innréttingu og sturtubaðkari. Tengi fyrir þvottavél er í baðinnréttingu. Gott svefnherbergi með fataskápum sem ná uppi loft, svalarhurð út í suðurgarð er í herbergi. Elhús með ljóstri innréttingu og opið inni bjarta stofu sem snýr til suðurs. Allar frekari upplýsingar veitir Kristín í síma 894-3003 eða kristin@domusnova.is



Einar Hannesson
HDL Löggiltur
fasteignasali

Opið hús þriðjudaginn 24.Feb 17:30-18:00

RE/MAX Lind verður LIND Fasteignasala

Lind fasteignasala var opnuð í vikunni en hún starfar á grunni RE/MAX Lindar.

Hannes Steindórsson opnaði í vikunni Lind fasteignasölu ásamt Þórunni Gísladóttur, Andra Sigurðssyni, Kristjáni Þóri Haukssyni og Stefáni Jarli Martin.

Hannes hefur starfað í fasteignageiranum í 10 ár en taldi tímabært að breyta til. Fasteignasalan nýja starfar á mjög sterkum grunni RE/MAX Lindar sem starfað hafði síðan árið 2003.

Starfsemin verður með svipuðu sniði en þó einhverjar viðbætur og nýjungar sem verða kynntar fljótlega. „Síðastliðin 10

ár hafa verið mjög góð og mikill lærdómur að vera tengdur svona alþjóðlegu kerfi,“ segir Hannes og hlakkar til að takast á við ný verkefni undir nýja nafninu LIND.

Á stofunni starfa 19 manns og er kynjahlutfall nánast jafnt.

Heimasíða fasteignasöluunnar er www.fastlind.is



LIND
FASTEIGNASALA
www.FASTLIND.is



Háholt 14, Mosfellsbær
Sími: 588 5530 •
berg@berg.is www.berg.is
GSM 897 0047

Pétur Pétursson
lögg. fasteignasali
Petur@berg.is

Fasteignasala Mosfellsbæjar

Einar Páll Kjærnested
lögg. fasteignasali.
einar@fastmos.is

KJARNA - PVERHOLTI 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081
WWW.FASTMOS.IS

Línakur 6 - 210 Garðabær



Mjög glæsilegt 299,6 m2 raðhús á þremur hæðum. Stórt og rúmgott raðhús á frábærum útsýnistað á Arnarneshæðinni. Í húsinu eru hjónasvita með fataherbergi og baðherbergi, 4 svefnherbergi, 3 önnur baðherbergi, glæsilegt eldhús, stofa. Fjölskyldurými eru stór og góð. Tvennar svalir eru á húsinu, garðsvalir á efstu hæð og stórar svalir út frá stofu og þá er gengið út á verönd á jarðhæð. **V. 84,9 m.**

Kleifarás 13 - 110 Reykjavík



Laus strax

Glæsilegt 446,5 m2 einbýlishús á tveimur hæðum, með auka íbúðarými á neðri hæð, og tvöföldum bílskúr innst í botnlanga á glæsilegum útsýnisstað við Kleifarás í Reykjavík. **V. 89,9 m.**

Pinghólsbraut 34 - 200 Kópavogur



Fallegt 193,2 m2 einbýlishús ásamt bílskúr við Pinghólsbraut 34 í Kópavogi. Húsið stendur hátt með fallegu útsýni. Stórar svalir eru fyrir framan húsið og yfir bílskúrnum. Timburverönd með einangruðum geymsluskúr. Fallegur og gróinn garður. **V. 51,0 m.**

Skeljatangi 17 - 270 Mos.

Laus strax



94,2 m2 4ra herbergja íbúð á 2.hæð með sérinngangi í litlu fjórþýli við Skeljatanga 17 í Mosfellsbæ. Vinsæll staður rétt við skóla, leikskóla, sundlaug og líkamsrækt. **V. 29,5 m.**

Rauðamýri 1 - 270 Mosfellsbær



Mjög rúmgóð 110,6 m2, 3ja herbergja íbúð með sérinngangi og sérgarði, ásamt bílastæði í bílakjallar í lyftuhúsi. Gott skipulag. Mjög rúmgóð svefnherbergi og stór timburverönd/sérgarður. **V. 31,9 m.**

Sveinsstaðir - 270 Mosfellsbær



104 m2 einbýlishús á einni hæð ásamt 31 m2 bílskúr á 2.000 m2 lóð við Sveinsstaði í Mosfellsbæ. Húsið stendur á mjög fallegum stað rétt við skógivaxið svæði rétt á melunum ofan við Reykjaland. **V. 36,7 m.**

Klapparhlíð 13, íbúð 303 - 270 Mosfellsbær



Opið hús í dag mánudag frá kl. 17:00 til 17:30

Falleg 2ja herbergja íbúð með sérinngangi á efstu hæð í 3ja hæða fjölbýlishúsi við Klapparhlíð 13 í Mosfellsbæ. Íbúðin skiptist í svefnherbergi, forstofu, baðherbergi, þvottahús, eldhús og stofu. Íbúðinni fylgir sérgeymsla í sameign. Frábær staðsetning í vinsælu hverfi rétt við skóla, leikskóla og sundlaug. Svalir í suðvestur. **V. 22,9 m.**

Blikahöfði 3, íbúð 202 - 270 Mosfellsbær



OPIÐ HÚS

Opið hús í dag mánudag frá kl. 17:00 til 17:30

Falleg 84,6 m2, 3ja herbergja íbúð á 2. hæð í 3ja hæða fjölbýlishúsi með fallegu útsýni. Vinsæl staðsetning rétt við skóla, leikskóla, sundlaug og líkamsrækt. **V. 27,9 m.**

Desjamýri 7 - 270 Mosfellsbær



28 m2 geymsluhúsnæði/bílskúrar á lokuðu svæði við Desjamýri 7 í Mosfellsbæ. Hámarks lofthæð 3,9 m2 og því hægt að setja geymsluloft yfir ca. 6-8 m2. Þetta er mjög góður kostur fyrir iðnaðamenn, eða dótakassi fyrir leikföngin, svo og sem geymsla. **V. 3,7 m.**

Kvíslartunga - 270 Mosfellsbær



Vorum að fá í sölu tvö 181,5 m2 parhús á einni hæð, tilbúin til innréttinga, við Kvíslartungu 47-49 í Mosfellsbæ. Birt stærð hvorrar eignar eru 181,5 m2, þar af er íbúð 140,7 m2 og sambyggður bílskúr 40,8 m2. Eignin afhendist tilbúinn til innréttinga, þann 15.05.2015. **V. 42,9 m.**



Jón Guðmundsson
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is



Guðmundur Th. Jónsson
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is



Elías Haraldsson
Lögg. fasteignasali
elias@fastmark.is



Gísli Rafn Guðfinnsson
Sölumaður
gisli@fastmark.is



Elín D. Wyszomirski
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is



Magnús Axelsson
Lögg. fasteignasali
magnus@fastmark.is



Hallveig Guðnadóttir
Skrifstofustjóri
hallveig@fastmark.is

EIGNARLÓÐIR VIÐ PINGVALLAVATN

Tvær 7.400 fm. samliggjandi vatnslóðir á einstökum stað *
við Pingvallavatn, samtals 1,48 hektarar að stærð.

Lóðirnar eru þær fremstu (næst vatni) skv. nýju deiliskipulagi
og nýtur óhindraðs útsýnis yfir Pingvallavatn og til fjalla.

Einbýlishús á bökkum Ytri – Rangá- Frábær staðsetning



Afar vel staðsett 246,6 fm. einbýlishús á einni
hæð við Þrúðvang á Hellu að meðtöldum 53,2
fm. bílskúr. Húsið er allt endurnýjað að innan sem
utan. Rúmgóð stofa með útgengi í sólstofu. Fjögur
herbergi. Eldhús með fallegri viðarinnréttingu. Lóðin
er eignarlóð 1.000,0 fermetrar að stærð, rækтуð og
frágengin með stórrí viðarverönd. Hellulögn er fyrir
framan bílskúr og hús.

Eignin stendur á 1.000,0 fermetra eignarlóð niður
á árbakkanum við Ytri-Rangá. Ekki verður byggt
meira á árbakkanum.

Frakkastígur – tvær 2ja herbergja íbúðir í miðbæ Reykjavíkur.



- 44,3 fm. íbúð á 1. hæð. Íbúðin er með sameiginlegum inngang með íbúð í risi.

Verð 19,9 millj.

- 45,4 fm. kjallaraíbúð með séringngangi. Íbúðinni fylgir 24,5 fermetra geymsluskúr á baklóð.

Verð 21,9 millj.

Húsið er bárujárnsklætt timburhús á steypum kjallara og nýlega endurnýjað að utan fyrir ári síðan m.a. klæðning, hluti af timburverki og þak ásamt gluggum og gleri að mestu.

Suðurgata - Heil húseign.



Virðulegt timburhús á steinkjallara við Suðurgötu 12 í Reykjavík. Húsið er kjallari og tvær hæðir, samtals 357,2 fm. að gólfleti auk 21,8 fm. bílskúrs. Húsið stendur á fallegri og gróinni um 900 fm. lóð. Átta bílastæði eru á baklóð hússins og möguleiki er á að fjölga bílastæðum á lóðinni enn frekar. Húsið var reist árið 1899 af Ásgeiri Sigurðssyni kaupmanni. Fyrir rúmlega 20 árum var húsið allt endurnýjað að utan sem innan. Undanfarin 25 ár hafa verið starfræktar læknastofur í húsinu og hentar það mjög vel undir hvers konar þjónustustarsemi auk þess sem það myndi sóma sér vel sem glæsilegt íbúðarhús í hjarta borgarinnar.

Verð 169,0 millj.

Álfhólsvegur – Kópavogi. - Einbýlishús á 1.120 fm. lóð



160,0 fm. einbýlishús á tveimur hæðum á fallegum útsýnisstað í Kópavogi auk geymsluriss yfir öllu húsinu. Húsið er í nokkuð góðu ásigkomulagi hið ytra, nýlega sprunguviðgert, múrað og málað.

Eignin stendur á 1.120 fermetra lóð og því væri mögulegt að fjarlægja núverandi byggingu og reisa stærra hús með fleiri íbúðum á lóðinni. Tekið er fram að ekki liggur fyrir neitt samþykki frá byggingaryfirvöldum hvað þetta varðar en fordæmi eru vissulega til staðar í götunni.

Verð 49,0 millj.

Hegranes - Garðabæ.



Mjög gott 233,9 fm. einlyft einbýlishús á 1.288,0 fm. eignarlóð á Arnarnesinu að meðtöldum 55,7 fm. bílskúr. Tvær rúmgóðar stofur eru í húsinu og fjögur góð svefnherbergi. Stofan er með góðri lofthæð og arinn er í garðstofu. Opið eldhús með fallegri innréttingu úr kirsuberjaviði. Afgirt timburverönd með heitum potti og skjólveggjum sem umlykur húsið á tvo vegu í suður og suðaustur. Innkeyrsla er hellulögd og með hitalögnum.

Verð 69,9 millj.

NÝBYGGING



NÝHÖFN 2 - 4, SJÁLANDI GARÐABÆ.

Glæsilegar íbúðir í 3ja hæða nýju fjölbýli í Sjálandinu við smábátahöfnina. Sjávarútsýni er frá stofum og eldhúsum í öllum íbúðum. Íbúðirnar eru ýmist með góðum svölum eða stórum timburveröndum. Íbúðirnar verða afhentar án gólfefna, þó verða flisar á baðherbergjum og þvottahúsum.

SUMARHÚS



SUMARHÚS Í SKORRADAL.

Vandaður og vel byggður 59,9 fm. sumarbústaður ásamt 18,7 fm. gestahúsi með gufubaði á gróinni og vel staðsettri 4.225,0 fm. eignarlóði. Stórkostlegt útsýni er yfir Skorradalsvatn. Verönd er við bústaðinn á þrjá vegu og malarborin afmörkuð bílastæði eru við framlóð hússins. **36,7 millj.**

2JA HERBERGJA



KÓPAVOGSBRAUT.

Glæsileg 61,9 fm. íbúð á 1. hæð með suðursvölum í sunnanverðum Kópavogi. Húsið var allt endurbyggt árið 2010 og er í mjög góðu ástandi að utan og innan. Á þessum tíma var íbúðin innréttuð uppá nýtt og skipt um gler og glugga. Hús er klætt að utan með áli. **25,9 millj.**

2JA HERBERGJA



BREKKUÁS – HAFNARFIRÐI.

Vönduð 86,2 fm. íbúð á 3. hæð með séringngangi af svölum í lyftuhúsi. Stórar og skjólsælar svalir til suðurs útaf stofu. Allar innréttingar, gólfefni og innihurðir eru ljósar og úr eik. Frábær staðsetning við opið svæði. **26,9 millj.**



KÁRSNESBRAUT

Kársnesbraut - Kópavogi. Endaraðhús.

Glæsilegt og þó nokkuð endurnýjað endaraðhús á tveimur hæðum 169,5 fm. að stærð að meðtöldum 22,8 fm. bílskúr í vesturbæ Kópavogs. Eldhús var endurnýjað fyrir tveimur árum og sett upp falleg hvít háglans innrétting. Rúmgóð stofa með útgangi á stóra suður verönd. Frábær staðsetning þar sem stutt er í alla þjónustu, skóla og leikskóla. Hús sem hefur fengið mjög gott viðhald í gegnum tíðina. Fallegur garður með miklum gróðri. Verð 49,9 millj.



Granaskjól - Endaraðhús.

